

BÖRN

SEM ERU VITNI AÐ HEIMILISOFBELDI



Rannsókn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi
á félagslegum stuðningi og úrræðum
2011



Barnaheill
Save the Children Iceland



Verkefnastjóri og höfundur skýrslu:

Örnólfur Thorlacius, *sálfræðingur*

Rannsakendur:

Steinunn A. Sigurjónsdóttir, *sálfræðingur*

Örnólfur Thorlacius, *verkefnastjóri Barnaheilla - Save the Children á Íslandi*

Aðstoð við rannsókn:

Björg Björnsdóttir, *verkefnastjóri Barnaheilla - Save the Children á Íslandi*

Ábyrgðarmaður rannsóknar:

Petrína Ásgeirsdóttir, *framkvæmdastjóri Barnaheilla - Save the Children á Íslandi*

Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík

barnaheill@barnaheill.is

www.barnaheill.is

www.verndumborn.is

**Barnaheill**Save the Children Iceland

Febrúar 2011

Þakkir fá:

Viðmælendur í rannsókninni

Ungmennni í ráðgjafahópum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Samstarfsaðilar Barnaheilla - Save the Children á Spáni og á Ítalíu

Nemendur í 1. og 8. bekk Snælandsskóla

Nemendur í 8. bekk Austurbæjarskóla

Kvennaathvarfið

Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd

Anni G. Haugen

Marta K. Hreiðarsdóttir

Sigur Rós

Allir sem gáfu vinnu sína vegna auglýsingar í tengslum við rannsóknarverkefnið

Ráðgjöf veittu:

Dr. Guðrún Kristinsdóttir, *prófessor við menntavísindasvið HÍ*

Hrefna Friðriksdóttir, *lektor við lagadeild Háskóla Íslands*

Rannveig Þórisdóttir, *félagsfræðingur, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu*

Steinunn Bergmann, *félagsráðgjafi, Barnaverndarstofa*

Þórhildur Líndal, *forstöðumaður Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni*

Styrktaraðilar:**Umbrot:**

Kári Martinsson Regal

Myndir sem birtast í skýrslunni eru eftir nemendur í 1. bekk í Snælandsskóla.

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður og tillögur.....	4
1. Inngangur.....	8
1.1 Rannsóknir á áhrifum þess á börn að vera vitni að heimilisofbeldi.....	9
1.2 Aukið magn tilkynninga til barnaverndar.....	11
1.3 Umræða á Íslandi um börn sem eru vitni að heimilisofbeldi.....	12
1.4 Aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis.....	12
1.5 Framþróun á liðnu ári.....	14
2. Löggjöf.....	16
2.1 Löggjöf á Íslandi um heimilisofbeldi.....	16
2.2 Löggjöf um ofbeldi gegn börnum.....	17
3. Aðferð.....	18
3.1 Viðtöl við fagfólk.....	19
3.2 Ráðgjafahópar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.....	21
4. Niðurstöður.....	23
4.1 Sýn viðmælenda á börnin.....	23
4.2 Sýn viðmælenda á þarfir barnanna.....	28
4.3 Viðbrögð stofnana og samtaka.....	32
4.3.1 Lögregla.....	32
4.3.2 Kvennathvarfið.....	33
4.3.3 Félagsþjónusta/sérfræðiþjónusta grunn- og leikskóla.....	34
4.3.4 Héraðsdómur Reykjavíkur.....	35
4.3.5 Áfallamiðstöð Landspítala háskólasjúkrahúss.....	36
4.3.6 Barna- og unglingsageðdeild Landspítala háskólasjúkrahúss.....	37
4.3.7 Barnavernd.....	39
4.4 Samvinna/samhæfing milli stofnana.....	42
4.5 Viðhorf viðmælenda gagnvart löggjöf á Íslandi um heimilisofbeldi.....	43
4.6 Niðurstöður ráðgjafahópa Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.....	44
Heimildir.....	46

Helstu niðurstöður og tillögur

Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, um hvaða stuðningur er í boði fyrir börn í Reykjavík sem eru vitni að heimilisofbeldi, var styrkt af Daphne-áætlun Evrópusambandsins og unnin í samvinnu við Barnaheill – Save the Children á Spáni og Ítalíu. Verkefnið hófst í febrúar 2010 og lauk ári síðar.

Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi gefur vísendingar um stöðu mála í Reykjavík. Viðmælendur sem tóku þátt í rannsókninni starfa hjá mikilvægum stofnunum í samfélaginu sem mörgum hverjum er ætlað að vernda börn og hafa hag þeirra að leiðarljósi í sínu starfi. Þeir eru einnig í lykilstöðu til að hafa áhrif á áherslur, viðhorf, vinnulag og verklagsreglur hjá viðkomandi stofnunum.

Út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar má staðhæfa að brýn þörf er á endurskoðun í Reykjavík á málefnum barna sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Auka þarf vitund um að synir og dætur kvenna sem verða fyrir ofbeldi af hálfu maka, eru einnig fórnarlömb ofbeldis. Félagsþjónusta, barnavernd, lögregla, heilbrigðisstofnanir og dómskerfi þurfa að taka mið af aðstæðum barnanna í starfsemi sinni og vinna á markvissan og samhæfðan hátt að því að finna börnin, hlusta á þau og veita þeim viðeigandi öryggi og þjónustu. Þörf er á heildstæðri stefnu, auk þess sem huga þarf að löggjöf. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vekja athygli á skýrslu nefndar á vegum Evrópuráðsins, dagsett 5. janúar 2010 (Evrópuráðið, 2010). Í skýrslunni eru drög að þingsályktun og tillögur til aðildarríkja um að móta heildstæða stefnu í málum barna sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er mikilvægt að íslensk stjórnvöld taki virkan þátt í þessari vinnu Evrópuráðsins.

Hér er að finna megin niðurstöður rannsóknar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Einnig

eru settar fram tillögur samtakanna um hvernig tryggja megi öryggi og velferð barna sem búa við heimilisofbeldi.

1. Löggjöf. Nokkir viðmælendur í rannsókninni telja að styrkja þurfi löggjöf hér á landi til að verja betur konur og börn sem eru fórnarlömb ofbeldis á heimilum sínum. Aðrir telja ekki þörf á lagabreytingum en að breyta þurfi allri málsmeðferð svo hægt sé að tryggja öryggi mæðra og barna eftir að gerandi hefur verið fjarlægður af heimili.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi benda á að í fyrrnefndri þingsályktunartillögu Evrópuráðsins er lagt til að aðildarríkin undirbúi vinnu Evrópuráðssamnings um vernd kvenna og barna gegn ofbeldi. Þar verður m.a. lögð áhersla á að hagsmunir barna, sem eru vitni að heimilisofbeldi, séu ekki vanræktir og tryggt að þau fái alla nauðsynlega þjónustu og stuðning. Samtökin telja nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hugi að heildstæðri löggjöf hér á landi. Einnig er afar mikilvægt að öll málsmeðferð fyrir dómi taki mið af hagsmunum, öryggi og vernd barnanna, ekki síst í umgengnis- og forræðismálum þar sem börn hafa búið við kynbundið ofbeldi.

2. Börn sem fórnarlömb. Nær allir viðmælendur eru sammála um að börn, sem eru vitni að ofbeldi gegn móður eða milli foreldra, eru einnig fórnarlömb ofbeldisins og að ástandið á heimilinu hafi skaðleg áhrif á börnin. Margir viðmælenda virðast þó meta þörf á stuðningi til barnanna út frá mati á alvarleika ofbeldisins sem móðirin verður fyrir en huga ekki nægilega að túlkun og líðan barnanna sjálfra. Þar af leiðandi skortir skilning á aðstæðum, frá sjónarhorni barna, sem búa við og eru vitni að ofbeldi á heimilum. Til eru erlendar og íslenskar rannsóknir þar sem fram kemur að börn, sem búa á heimilum þar sem ofbeldi er gegn mæðrum, þjást gjarnan af mikilli sektarkennd og axla mikla ábyrgð á heimilinu.



Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er bryn þörf á að auka vitund fagfólks um aðstæður barnanna, bæði þeirra sem starfa með konum sem eru fórnarlömb heimilisofbeldis sem og þeirra sem starfa með börnum. Sérstaklega þarf að skoða málin frá sjónarhorni barnanna. Núverandi nálgun, sem m.a. kemur fram í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda gegn ofbeldi á heimilum og miðar að því að kenna fagfólki að bera kennsl á einkenni barna sem búa við ofbeldi, er ekki líkleg til árangurs að mati samtakanna. Ekki er hægt að greina sérstaklega börn, sem búa við heimilisofbeldi, frá börnum sem búa ekki við slíkar aðstæður út frá einkennum af þessum toga. Einkenni sem gjarnan eru gefin upp, eru almenn einkenni sem gefa til kynna vanlíðan barna og spanna breitt svið. Ástæður fyrir þeim einkennum hjá börnum geta verið margvíslegar og þurfa ekki að tengjast heimilisofbeldi á nokkurn hátt. Nýjar leiðir þarf því að fara í fræðslu til fagfólks svo það geti náð til barna sem búa við heimilisofbeldi og veitt þeim viðeigandi stuðning.

3. Stuðningur við börn. Fáir viðmælenda, utan barnaverndar, áfallamiðstöðvar Landspítala og Kvennaathvarfs, höfðu fengið til sín mál þar sem veita þurfti börnum, sem eru vitni að heimilisofbeldi, aðstoð eða þjónustu. Skólasálfræðingar, sem rætt var við hjá þjónustumiðstöðvum, könnuðust ekki við að hafa fengið tilvísanir um mál af þessum toga, hvorki frá félagsþjónustu né starfsfólki skóla. Barna- og unglingageðdeild Landspítala (BUGL) hefur heldur ekki fengið slíkar tilvísanir og viðmælendur þar minnst þess ekki að slíkt hafi komið í ljós við vinnslu mála á deildinni. Börn, sem send eru í skimun eða nánari greiningu hjá skólasálfræðingum eða á BUGL, virðast almennt ekki vera spurð um það hvort ofbeldi sé gagnvart móður eða milli foreldra á heimilinu

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja líklegar skýringar þess, hve fáir viðmælendur þekkja beint til aðstæðna barna sem eru vitni að heimilisofbeldi,

vera þær að á stofnunum þeirra eru konur og börn sjaldnast spurð að því hvort kynbundið ofbeldi viðgangist á heimilinu. Samtökin telja afar mikilvægt, til að hægt sé að finna börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi er gegn móður eða milli foreldra og veita þeim öryggi og nauðsynlegan stuðning, að hlutaðeigandi stofnanir hefji skimun þar sem kannað er á markvissan hátt hvort börn búi við og verði vitni að ofbeldi á heimilum sínum.

4. Að hlusta á börnin. Samkvæmt viðmælendum hjá lögreglu, barnavernd og félagsþjónustu virðist almennt ekki vera rætt við börn, sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað gegn mæðrum þeirra. Lögreglan ræðir yfirleitt ekki við börn á heimilum í útköllum vegna heimilisofbeldis, nema ef börnin hafa sjálf orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Barnavernd hittir börnin eingöngu ef ákveðið er að hefja könnun máls, sem er í minnihluta tilvika. Skólasálfræðingarnir segjast ekki hafa mótt ekið beiðnir frá félagsþjónustu um að ræða við börn mæðra, sem leita til félagsþjónustunnar og orðið hafa fyrir ofbeldi. Í Kvennathvarfinu var til skamms tíma sérstakur barnastarfsmaður en svo er ekki nú. Starfskonur sinna börnunum eftir bestu getu og ræða við þau eftir atvikum.

Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er afar mikilvægt að rætt sé við börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað, hlustað sé á þau og markvisst mat fari fram á líðan þeirra svo hægt sé að veita þeim viðeigandi aðstoð. Efla þarf til muna þekkingu þeirra aðila, sem eru í beinum tengslum við börnin, á því hvernig best sé að ræða við og styðja börnin. Einnig þarf að sjá til þess að börnin eigi greiðan aðgang að fagfólki sem er sérmenntað í vinnu með börnum og hefur góðan skilning á þörfum þeirra.

5. Verklagsreglur. Fram kemur í rannsókninni að lögreglan er eina stofnunin sem hefur sérstakar verklagsreglur um hvernig bregðast skuli við heimilisofbeldismálum, en þær verklagsreglur fjalla

þó ekki nema að takmörkuðu leyti um börn. Aðrir viðmælendur nefna almennar verklagsreglur um hvernig tilkynna eigi mál barna til barnaverndar en börn, sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum, eru ekki tilgreind í þeim verklagsreglum.

Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi þarf að tryggja að verklagsreglur séu til staðar og í notkun hjá viðkomandi stofnunum. Þær feli í sér greinagóðar upplýsingar um hvernig starfsmenn skuli bregðast við aðstæðum barna, sem búa á heimilum þar sem ofbeldi gegn móður eða milli foreldra á sér stað. M. a. verður að tryggja að rætt sé við börnin og gert mat á líðan þeirra og þörf þeirra á stuðningi eða meðferð.

6. Tilkynningar til barnaverndar. Flestir viðmælenda líta svo á að það sé skilgreint hlutverk barnaverndar að veita börnum, sem búa við og eru vitni að heimilisofbeldi, viðeigandi stuðning og meðferð. Flestir segjast myndu tilkynna um mál af þessum toga til barnaverndar en misjafnt er meðal viðmælenda hversu fljótt þeir myndu fara í slíkar aðgerðir. Erfitt er að átta sig á fjölda tilkynninga til barnaverndar um börn sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum, þar sem stutt er síðan barnavernarnefndir hófu að skrá sérstaklega slíkar tilkynningar. Svo virðist sem mál af þessum toga séu enn ekki skráð á markvissan hátt. Í rannsókninni kemur fram að ríflega 90% tilkynninga sem berast til Barnaverndar Reykjavíkur, um að barn búi á heimili þar sem ofbeldi er gegn móður eða milli foreldra, kemur frá lögreglu. Allnokkrar tilkynningar koma frá slysa- og bráðamóttöku en fáar tilkynningar berast frá öðrum aðilum, svo sem félagsþjónustu, leik- og grunnskólum, heilbrigðisstofnunum og dómskerfinu. Minnihluti þessara tilkynninga til Barnaverndar Reykjavíkur leiðir til að barni er veittur stuðningur. Mikill fjöldi tilkynninga verður til þess að bréf er sent til móður þar sem bent er á almenn úrræði, m.a. hjá félagsþjónustu og málinu er þar með lokið af hálfu barnaverndar. Mæðrum er frjálst að leita til félagsþjónustu eða annarra aðila með

börnin sín, en engin eftirfylgd er með því af hálfu barnaverndar.

Í rannsókninni kemur fram að Barnavernd Reykjavíkur lítur á það sem megin hlutverk sitt að aðstoða fólk, sem ekki er fært um það sjálf, og áherslan er á að sinna alvarlegustu málunum. Þannig kannar Barnavernd Reykjavíkur yfirleitt ekki málin nema ef um endurteknar tilkynningar er að ræða eða ef upplýsingar um alvarlegar líkamsmeiðingar eða hótanir koma fram í tilkynningunum.

Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gap á milli væntinga viðmælenda til barnaverndar og þess hvernig barnavernd tekur á málunum. Þannig telja viðmælendur að ef málum er vísað til barnaverndar tryggi það að börnin fái þann stuðning og það öryggi sem þau þurfa. Í reynd fylgir Barnavernd Reykjavíkur aðeins eftir þeim málum sem skilgreind eru sem alvarlegustu málin. Svo virðist sem mörg mál af þessu tagi falli milli stafs og hurðar og í reynd séu fáir aðilar að gefa gaum að aðstæðum barna sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja afar mikilvægt að komið verði á formlegu samstarfi milli félagsþjónustu, barnaverndar, lögreglu, Kvennathvarfs, heilbrigðisstofnana og dómskerfis um málefni barna sem eru fórnarlömb ofbeldis á heimilum sínum og úrræði þeim til handa. Þannig væri hægt að tryggja að börn sem búa við heimilisofbeldi fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð og málum þeirra sé fylgt eftir.

Í rannsókninni kemur einnig fram að skiptar skoðanir eru um hvort mál, þar sem móðir verður fyrir ofbeldi, eigi að verða að barnaverndarmálum. Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er þörf á að fjalla nánar um þessi mál hér á landi og efna til umræðu um hvernig hægt sé að stuðla að auknu samstarfi milli þeirra sem vinna með börnum og þeirra sem styðja við mæður sem hafa orðið fyrir ofbeldi af höndum maka. Sömuleiðis er þörf á því að



skýra nánar hvenær þörf er á eftirfylgd með máli barns, á vegum félagsþjónustu og/eða barnaverndar, til að tryggja að ekki sé brotð á réttindum barna sem þarfnast stuðnings eða meðferðar.

7. Úrræði. Barnavernd hefur takmörkuð úrræði á sínum snærum fyrir börn sem búa við og/eða hafa verið vitni að ofbeldi gegn móður, eða milli foreldra. Frá byrjun árs 2010, hefur Barnaverndarstofa starfrækt tilraunarverkefni þar sem börnum sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og/eða verið vitni að heimilisofbeldi er veitt áfallamiðuð sálfræðimeðferð. Úrræðið er í boði fyrir börn sem búa ekki lengur við ofbeldi á heimilum sínum. Hins vegar vantar úrræði til að aðstoða börn og mæður þeirra að komast í öryggi og fá nauðsynlegan stuðning. Í rannsókninni kemur fram að Barnaverndarstofa skipaði nýlega starfshóp með aðilum frá barnavernd og lögreglu til að kanna hvernig færa megi þessi mál til betri vegar. Markmið hópsins var að smíða verklagsreglur sem taka m.a. af tvímæli um að starfsmönnum barnaverndarnefnda beri að fara á vettvang þegar um ofbeldi á heimili er að ræða og að rætt sé við börnin og ástand þeirra kannað með beinum hætti. Sömuleiðis er verið að kanna möguleika á stækkun Barnahúss, með það að leiðarljósi að bjóða þar upp á áfallameðferð fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi.

Skortur er á aðgengilegum úrræðum hjá félagsþjónustu fyrir börn sem eiga í tilfinningavanda. Fram kemur í rannsókninni að úrræði, sem starfsmenn þjónustumiðstöðva í Reykjavík geta vísað börnum og fjölskyldum í eru fá. Viðmælendur frá sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla óska beinlínis eftir fjölbreyttari stuðnings- og meðferðarúrræðum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna vinnu Barnaverndarstofu en telja mikla þörf á að sem fyrst verði komið á úrræðum til að tryggja öryggi barna sem búa við ofbeldi á heimilum sínum og aðstoð

við fjölskyldur þeirra. Að mati samtakanna er mikil vöntun á almennum úrræðum og þjónustu fyrir börn og fjölskyldur sem þurfa á stuðningi og aðstoð að halda vegna erfiðleika í fjölskyldum.

Samantekt

Af ofangreindu er ljóst að taka þarf til gagngerrar endurskoðunar málefni barna sem eru vitni að heimilisofbeldi. Efla þarf vitund og fræðslu meðal fagfólks um að börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað gagnvart móður, eða milli foreldra, eru einnig fórnarlömb. Finna þarf börnin, hlusta þarf á þau og veita þeim öryggi, vernd og stuðning. Til að svo geti orðið verður að vera til heildstæð stefna, með viðeigandi skimun, úrræðum, formlegu samstarfi og samhæfingu á milli stofnana, þ.á.m. lögreglu, barnaverndar, félagsþjónustu, skólakerfis, dómskerfis og heilbrigðisþjónustu.

Inngangur

Síðustu tvo áratugi hefur börnum, sem eru vitni að ofbeldi milli foreldra, verið gefinn meiri gaumur (Holt, Buckley og Whelan, 2008) og nú er ofbeldi milli foreldra viðurkennt sem mikilvægur áhættuþáttur (e. *risk factor*) sem stefnir þroska og heilsufari barna í hættu (Fergusson og Horwood, 1998). Afleiðingar geta komið fram fljótt eða verið síðbúnar og fylgja börnunum fram á fullorðinsár (Grych, Fincham, Jouriles og McDonald, 2000). Langtímarannsóknir gefa til kynna að börnum, sem verða vitni að ofbeldi á heimilum, er hættara við að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál, svo sem þunglyndi, misnotkun áfengis og vímuefna (Roustit, Renahy, Guernec, Lesieur, Parizot og Chauvin, 2009).

Ekki er langt síðan að gert var ráð fyrir því að ofbeldi gegn móður, eða milli foreldra, hefði engin eða takmörkuð áhrif á börnin á heimilinu. Nýlegar rannsóknir hafa hins vegar leitt annað í ljós og sýna að börnin vita meira en fólk gerir sér grein fyrir eða telur sér trú um. Foreldrar telja sig gjarnan geta haldið ofbeldinu leyndu fyrir börnum sínum en er brugðið þegar þeir komast að því hve mikið þau vita um þá skelfilegu atburði sem hafa átt sér stað innan veggja heimilisins. Oft á tíðum muna börnin

eftir þessu mörgum árum síðar. Börnin finna að ofbeldið er vel geymt fjölskylduleyndarmál sem ekki má ræða og segja því oftast engum frá því (Mullender Hague, Imam, Kelly, Malos og Regan, 2002; McGee, 2000). Mörg börn þjást þ.a.l. í leyni og fá lítinn stuðning.

Vaxandi áhersla er á það á alþjóðavettvangi að grípa þurfi til aðgerða til að koma börnum, sem búa á heimilum þar sem ofbeldi milli foreldra á sér stað, til aðstoðar. Víða er þetta viðurkennt sem sálrænt eða andlegt ofbeldi gegn börnum. Árið 2005 ýtti Kofi Annan, þáverandi framkvæmdarstjóri Sameinuðu þjóðanna, úr vör viðamikilli alþjóðlegri rannsókn á umfangi þessa vandamáls og óskaði eftir tölulegum upplýsingum frá stjórnvöldum allra landa. Niðurstöður rannsóknarinnar eru sláandi. Áætlað er að allt að 275 milljónir barna verði hvað eftir annað vitni að ofbeldi gegn móður eða milli foreldra. Tölur sem bárust frá Íslandi í rannsóknina gefa til kynna að 2000 börn verði á ári hverju vitni að heimilisofbeldi (2,5% íslenskra barna). Í kjölfar þessa hefur fjöldi ráðamanna í Evrópu vakið athygli á stöðu barnanna og hvernig brotið er á rétti þeirra til öryggis og stöðugleika á heimilum sínum. Áréttað er að börnin þarfnast stuðnings



Skilgreiningar

Barn sem er „vitni“ að heimilisofbeldi

Með „vitni“ er hér átt við að barn sér móður (eða föður) verða fyrir ofbeldi af höndum maka. Barn telst hins vegar einnig vera vitni að ofbeldi ef það heyrir t.d. öskur, grátur eða brothljóð og/eða sér áhrif valdbeitingarinnar á þolanda, t.d. líkamlega áverka eða geðræn einkenni. Sömuleiðis getur barn heyrt þolanda verða fyrir andlegu ofbeldi á heimilinu, eða verið vitni að ofbeldi eða deilum sem eru milli foreldra eða forsjáraðila.

Í skýrslu þessari er oftast vísað til þess að börn eru vitni að „heimilisofbeldi“ fremur en að styðjast við hugtakið „kynbundið ofbeldi“. Ástæðan fyrir

þessu er að notkun hugtaksins „heimilisofbeldi“ er almennari.

Hins vegar er einnig vísað til hugtaksins „kynbundið ofbeldi“ (e. *gender-based violence*) í skýrslunni þegar það á við, en það hugtak hefur verið notað í auknum mæli til að undirstrika þá tölulega staðreynd að heimilisofbeldi er í flestum tilvikum ofbeldi karla gegn konum (Samtök um Kvænnaathvarf, 2009).

Sömuleiðis kemur það fyrir að hugtakið „ofbeldi milli foreldra“ er notað í skýrslunni, til þess að undirstrika að börn geta verið vitni að ofbeldi þar sem báðir foreldrar eða forsjáraðilar eiga í hlut, sem og ofbeldi kvænna gegn körlum.

og tækifæris til að vinna úr reynslu sinni (Pinheiro, 2006), en eins og staðan er í dag gleymast börnin þegar kemur að stefnumótun og íhlutun af hálfu opinberra aðila (Evrópuráðið, 2011).

1.1 Rannsóknir á áhrifum þess á börn að vera vitni að heimilisofbeldi

Það var fyrst á níunda áratugnum, sem farið var að beina sjónum að áhrifum ofbeldis og deilna milli foreldra á börn (Jaffe, Wolfe og Wilson, 1990). Síðan hefur verið gerður fjöldi rannsókna á þessu efni. Reynt hefur verið að draga saman niðurstöður rannsókna með svonefndum heildargreiningum (e. *meta-analysis*) til að reyna að greina mynstur í einkennum barnanna. Það hefur gengið illa þar sem niðurstöður grunnrannsókna um börn, sem eru vitni að heimilisofbeldi, eru afar misvísandi (Dawnovise og Chanmugam, 2007). Því eru engin sérstök einkenni sem hægt er að nota til að finna börn sem búa við heimilisofbeldi heldur er um breytt svið vandamála að ræða (sjá t.d. Grych og Fincham, 1990).

Í nýlegum heildargreiningum er kallað eftir betri aðferðarfræði í rannsóknum á börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi. Sérstaklega er bent á að skilgreina þarf betur lykilhugtök, eðli og umfang ofbeldisins á heimilinu sem og að kanna túlkun barnanna á því sem fram fer á heimilinu (Evans, Davies og Dilillo, 2008; Kitzman, Gaylord, Holt og Kenny 2003; Dawnovise og Chanmugam, 2007). Túlkun barnanna á því sem á sér stað á heimilinu segir í raun betur til um hvernig börnunum vegnar heldur en eðli og umfang ofbeldisins sem slíks og getur skýrt hvers vegna umræddar aðstæður hafa svo mismunandi áhrif á börnin. Sum börn virðast komast nokkuð heilsteypt frá þessari reynslu en önnur þróa með sér langvarandi og alvarleg sálræn vandamál (Harold og Howarth, 2004). Algengast er að rannsóknir á börnum, sem eru vitni að heimilisofbeldi, byggji á svörum foreldra við atferlisspurningalistum (e. *behavior rating scales*), þar sem foreldrar merkja við almenn atriði sem lýsa hegðun barns (Dawnovise og Chanmugam, 2007). Sjónarmið barnsins og túlkun þess á atburðum á heimilinu kemur því ekki til álita í rannsóknum af þessu tagi. Algengast er að notaður sé ASEBA-

listinn (CBCL), sem er almennur skimunarlisti fyrir geðræn vandkvæði hjá börnum, en hann hefur verið gagnrýndur, m.a. fyrir að vera ekki nægilega næmur gagnvart kvíðaeinkennum (sjá t.d. Pauschardt, Remschmidt og Matthejat, 2010). Í áður nefndum heildargreiningum er sömuleiðis bent á takmarkanir þess, í rannsóknum á börnum sem hafa verið vitni að heimilisofbeldi, að einblína á veikleika í fari barnanna, án þess að taka mið af styrkleikum þeirra (sjá í Fowler og Chanmugan, 2007).

Niðurstöður taugavísindarannsókna gefa til kynna að afleiðingar áfalla hjá börnum rista dýpra en áður var talið. Heili barna er sérstaklega viðkvæmur gagnvart streitu þar sem hann er að þroskast. Núorðið er það viðurkennt að barn, sem verður vitni að ofbeldi gegn móður eða milli foreldra, getur þróað með sér áfallastreituröskun (Margolin og Vickerman, 2007). Áföll leiða til aukinnar losunar streituhormóns (cortisol) og vefrænna breytinga í heila. Sú vanlíðan, sem fylgir einkennum áfallastreituröskunar, getur valdið börnum frekari erfiðleikum við að bregðast við streitu og þannig er mikil hættu á að börnin þrói með sér frekari geðræn vandkvæði (Margolin og Vikerman, 2007). Þar af leiðandi er mikilvægt að koma börnunum til aðstoðar sem fyrst. Bent hefur verið á hættuna á því að áfallastreituröskun eða aðrar kvíðaraskanir séu ranglega greindar hjá börnum sem hafa orðið fyrir ofbeldi, t.d. sem athyglisbrestur með eða án ofvirkni (*Attention-deficiti-hyperactivity-disorder; ADHD*) (sjá t.d. í Weinstein, Staffelbach og Biaggio, 2000). Algengt er að ADHD sé meðhöndlað með Rítalín-lyfjameðferð en þekkt er að slík meðferð getur aukið á kvíðaeinkenni hjá börnum (Rossman og Ho, 2000). Það er því sérstaklega mikilvægt að vanda til verka, þegar erfiðleikar barna, sem eru vitni að heimilisofbeldi, eru greindir svo hægt sé að tryggja þeim viðeigandi meðferð og þjónustu.

1.1.1 Rannsóknir frá sjónarhorni barna

Tvær rannsóknir (Mullender og félagar, 2002; McGee, 2000) hafa einkum opnað augu manna fyrir þörf á breyttum vinnubrögðum þegar kemur að því að veita börnum, sem verða vitni að heimilisofbeldi stuðning. Mullender og félagar (2002) benda á að vísindakenningar, sem fjalla um börn, hafi of lengi verið byggðar á gögnum frá fullorðnum en nauðsynlegt sé að taka tillit til sjónarmiða barnanna. Skilningur fólks á ofbeldinu á heimilinu, eins og það snýr að börnunum, verður allt annar þegar talað er við börnin sjálf. Í rannsóknunum (Mullender og félagar, 2002; McGee, 2000) voru tekin viðtöl við börn sem bjuggu á heimilum þar sem ofbeldi gegn móður átti sér stað. Þegar rætt var við börnin, reyndust þau virkir þátttakendur í aðstæðunum en ekki viljalaus fórnarlömb, eins og áður hefur verið talið. Börnin höfðu stöðugar áhyggjur og voru á varðbergi gagnvart því að allt færi úr böndunum á heimilinu. Það kom sömuleiðis greinilega fram að börnin höfðu mikla þörf fyrir að ræða um upplifun sína og að skilja þá skelfilegu atburði sem áttu sér stað. Sum börnin sögðust hafa reynt að ræða um þetta við mæður sínar eða aðra nákomna sér, en með misjöfnum árangri. Börnin vissu ekki hvert annað þau gætu leitað. Þau þorðu t.a.m. ekki að ræða við fagfólk um ofbeldið, aðallega af ótta við viðbrögð foreldra sinna og þau voru meðvituð um að ofbeldið á heimilinu væri leyndarmál, jafnvel þó að enginn hefði sagt það.

1.2 Aukið magn tilkynninga til barnaverndar

Þó margir séu farnir að opna augun fyrir því að börnin séu raunverulega þolendur í kynbundnu ofbeldi á heimili, þá hefur sú hugarfarsbreyting ekki enn skilað sér til þeirra sem veita þjónustu eða móta opinbera stefnu (McGee, 2000). Það virðist vera almenn tilhneiging hjá fólki að líta á mál, þar sem börn verða vitni að heimilisofbeldi sem hvert annað viðfangsefni barnaverndar, án þess að tekið

sé tillit til þess flókna samspils, sem er á milli þess að tryggja öryggi mæðra og velferð barna (Kelly, 1994).

Í nýrri breskri rannsókn (Stanley, Miller, Foster og Thomson, 2010), voru tilkynningar til barnaverndaryfirvalda um ofbeldi milli foreldra skoðaðar sem og opinber viðbrögð við þeim. Jafnframt voru skoðuð viðbrögð lögreglu á vettvangi og viðhorf þolenda, gerenda og barna gagnvart þjónustunni. Í ljós kom að mikill fjöldi mála var tilkynntur til barnaverndaryfirvalda en tilkynningarnar leiddu hins vegar sjaldnast til þess að börn og fjölskyldur þeirra fengju einhverja þjónustu.⁶ Barnavernd kannaði fæstar tilkynninganna (5%) og var flestum málunum lokað með bréfi, sem sent var til fjölskyldna, þar sem bent var á önnur úrræði. Þær fjölskyldur, sem á annað borð fengu þjónustu frá barnavernd, reyndust vera fyrir á skrá barnaverndar og áttu við fjölþættan og flókin vanda að stríða. Fagfólk, sem rætt var við í rannsókninni, lagði mikla áherslu á að þróa þyrfti nánar einhverja þjónustu svo hægt væri að grípa fyrir inn í mál af þessu tagi.

6 Í inngangi rannsóknar Stanley og féлага (2010) kemur fram að svipuð vandamál virðast vera í öðrum löndum, m.a. í Ástralíu og Bandaríkjunum.

Í rannsókn Stanley og féлага (2010) lýstu börn og unglingar því hvernig þau fengu enga athygli af hálfu lögreglu á vettvangi. Þau sögðust hafa viljað fá einhverjar upplýsingar um það sem væri að gerast. Þegar gögn frá lögreglunni voru skoðuð, kom í ljós að lögregluþjónar áttu sjaldnast í samskiptum við börn á vettvangi. Um helmingur lögregluþjóna, sem rætt var við í rannsókninni, sögðust vera heldur hikandi við að ræða við börnin. Félagráðgjafar lýstu því síðan hve óþægilegt þeim fyndist að þrýsta á mæður, er höfðu orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka, um málefni sem varða börnin þeirra (Stanley og félagar, 2010). Það virðist nokkuð algengt að barnaverndarstarfsmenn forðist að taka á málum þar sem mæður verða fyrir ofbeldi, yfirleitt af misskilinni tillitssemi við mæðurnar. Þetta verður gjarnan til þess að hvorki mæður né börn fái viðhlítandi lausn mála (Mullender og félagar, 2002).

Drög að þingsályktun Evrópuráðsins (2010)

Í drögum að þingsályktun Evrópuráðsins er því m.a. beint til þjóðþinga í Evrópu að:

- Viðurkennt sé að börnin séu einnig fórnarlömb til að tryggja að menn geri sér grein fyrir áhrifum ofbeldisins á heimilinu á börnin (5.4.2).
- Komið verði á fullnægjandi félagsþjónustu fyrir öll börn og að hagsmunum barnanna verði ekki fórnáð fyrir hagsmuni hinna fullorðnu (5.4.4).
- Staða barna sem verða vitni að heimilisofbeldi verði styrkt í lagaumhverfi og stjórnslu, t.d. með því að bjóða fram sérstaka aðstöðu til þess að taka skýrslur af börnunum í vernduðu umhverfi. Þannig verði komið

í veg fyrir að þau þurfi endurtekið að segja frá þessari erfiðu lífsreynslu sinni, svo sem fyrir rétti (6.3.1).

- Veita börnunum vernd á meðan verið er að vinna úr vandamálum foreldranna og að ákvarða forræðis- og umgengnisrétt (6.3.2).
- Veita börnunum vernd og stuðning, umfram það sem kvennaathvörf veita (6.3.3).
- Tryggja að fagfólk fái nauðsynlega fræðslu til að styðja börn sem hafa orðið vitni að heimilisofbeldi (6.3.4).
- Gera aðgengileg forvarnarnámskeið fyrir fjölskyldur til að fyrirbyggja að þessi vandamál færast milli kynslóða (6.4).

1.3 Umræða á Íslandi um börn sem eru vitni að heimilisofbeldi

Lítið hefur borið á umræðu um mál barna sem búa á heimilum þar sem ofbeldi er gegn móður eða milli foreldra. Hér á landi er vandi barnanna þannig vanmetinn og fólk virðist ekki gera sér fyllilega grein fyrir afleiðingunum sem ofbeldið hefur á börnin. Hérlendis eru fáar rannsóknir, sem fjalla um ofbeldi gegn börnum, en fræðileg umfjöllun um viðfangsefnið virðist að mestu hafa verið í formi kynninga á tölulegum upplýsingum stofnana og samtaka (Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Steinunn Gestsdóttir og Margrét Ólafsdóttir, 2007). Fáar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis í tengslum við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi. Ein rannsókn er þó á lokastigi. Guðrún Kristinsdóttir og félagar endurgerðu rannsókn Mullender og félaga frá 2002 og hafa niðurstöður fyrri hluti rannsókninnar á Íslandi þegar verið birtar, Könnun var lögð fyrir 1125 grunnskólanemendur á aldrinum 9 til 16 ára, til að athuga þekkingu og skilning þeirra á ofbeldi á heimilum. Niðurstöður benda til þess að íslensk börn og unglingar hafi talsverða þekkingu og skilning á málum tengdum heimilisofbeldi. Fjórðungur (25%) barnanna sagðist þekkja einhvern sem hefur verið vitni að ofbeldi á heimili sínu (Guðrún og félagar, 2007). Niðurstöður síðari hluta rannsóknarinnar eru væntanlegar, en þar er rætt við börn sem hafa verið vitni að heimilisofbeldi.

Einnig má geta rannsóknar Freydísar J. Freysteinsdóttur (2006) sem fólst í innihaldsgreiningu á gögnum barnaverndarnefnda í Reykjavík og í tveimur nærliggjandi sveitafélögum. Um er að ræða tilkynningar til nefndanna um ofbeldi á milli foreldra á árinu 2004. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að við könnun mála ræddu barnaverndarstarfsmenn eingöngu við foreldra, en ekki börn, og ekkert mat fór fram á líðan barnanna. Af þeim 39 málum, sem voru

skoðuð í rannsókninni var aðeins beitt úrræðum fyrir viðkomandi barn í þremur tilvikum.

Í öllum tilfellum var um að ræða stuðning, sem fólst í vistun barns utan heimilis.

1.4 Aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis

Í september 2006 samþykkti ríkisstjórn Íslands aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis og nær hún til árána 2007-2011. Í aðgerðaáætluninni er sérstakur kafli tileinkaður ofbeldi gegn börnum en þar er ekki að sjá að fjallað sé um börn sem eru vitni að heimilisofbeldi. Í inngangi aðgerðaáætlunarinnar er sérstaklega tekið fram að úrræði hennar beinist fyrst og fremst að fullorðnu fólki, þar sem það eigi að bera ábyrgð ef barn er beitt ofbeldi. Sömuleiðis er lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir, m.a. á það „að styrkja starfsfólk stofnana í því að koma augu á einkenni kynbundins ofbeldis“.



Kafli um börn í ritinu *Ofbeldi í nánnum samböndum*

Einn liður í tengslum við núverandi aðgerða-áætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi var útgáfa bókarinnar *Ofbeldi í nánnum samböndum*, sem félags- og tryggingamálaráðuneytið gaf út síðari hluta árs 2008 (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Bókin, sem gefin var út í fimm útgáfum fyrir mismunandi starfsstéttir, inniheldur stuttan kafla um börn, sem búa á heimilum þar sem ofbeldi gegn móður á sér stað. Þar er nær eingöngu fjallað um fjölda einkenna, geðraskana, sjúkdóma og vandamála sem börn geta átt við að stríða. Í rauninni eru þau vandkvæði barna, sem fjallað er um í kaflanum, á engan hátt sértæk fyrir börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað, heldur er um almenn vandamál að ræða sem geta hrjáð börn af ýmsum ástæðum.

1.4.1 Rannsóknir á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins á ofbeldi gegn konum

Árið 2005 var sérstakt rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd stofnað í samstarfi við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Félag- og tryggingamálaráðuneytið var meðal stofnenda setursins. Ráðuneytið fól setrinu að framkvæma rannsóknir á málum tengdum kynbundnu ofbeldi og er það liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda. Nú hafa sex skýrslur komið út á vegum ráðuneytisins. Áherslan í rannsóknunum er að mestu leyti á mál kvenna en tvær af skýrslunum fjalla þó að miklu eða öllu leyti um mál barna. Í annarri rannsókninni voru tekin viðtöl við starfsfólk hjá félagsþjónustu og barnavernd um viðbrögð ef í ljós kemur að kona, sem leitar aðstoðar, býr við ofbeldi á heimili sínu (Anni G. Haugen, 2009). Niðurstöður rannsóknarinnar varpa m.a. ljósi á hve fátækleg úrræðin eru, sem standa til boða á Íslandi, fyrir konur sem eru beittar ofbeldi á heimilum

sínum og börn þeirra. Í nýlegri grein, dregur höfundur skýrslunnar saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar sem snúa að börnum. Þar kemur fram að lítil áhersla virðist vera lögð á að ræða við börnin hjá félagsþjónustu og að þeim sé ekki veittur markviss stuðningur. Höfundur leggur áherslu á að vinna þurfi skipulega að því að finna börn sem búa á heimilum þar sem kynbundið ofbeldi á sér stað og skýra þurfi nánar hvenær viðeigandi er að vísa máli barns frá félagsþjónustu til barnaverndar.⁷ Nokkrar tillögur eru nefndar til úrbóta í málaflokknum, m.a. að búnað verði til verklagsreglur um þessi mál fyrir barnaverndarstarfsmenn og að nýta þjónustu Barnahúss í málum sem tengjast börnum, sem hafa orðið vitni að kynbundnu ofbeldi á heimili (Anni G. Haugen, 2010).

Hin skýrslan fjallar um viðbrögð starfsfólks skóla, ef í ljós kemur að barn býr á heimili þar sem móðir verður fyrir ofbeldi. Tekin voru viðtöl við skólustjóra í 10 grunnskólum víðsvegar á landinu. Að mati höfundar skýrslunnar eru „greinilegar vísbendingar um ákveðinn vandræðagang í þessum málaflokki í grunnskólunum“. Nokkur óvissa virtist vera um viðbrögð innan skólanna enda sögðu flestir viðmælendur í rannsókninni að slíkt hefði ekki komið upp í þeirra skóla. Hlutverk einstakra starfsmanna innan skólanna var illa skilgreint hvað þessi mál varðar. Fram kom að farvegurinn, sem mál af þessum toga fer í, er oftast sá að kennari ráðfærir sig við skólustjóra sem tekur ákvörðun um hvort tilkynna eigi málið þegar í stað til barnaverndar eða til félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar, sem tekur þá formlega við málinu (Guðrún H. Sederholm, 2010).

⁷ Barnavernd og félagsþjónusta eru aðskildar einingar í Reykjavík.

1.5 Framþróun á liðnu ári

Á árinu 2010 átti sér stað ákveðin framþróun í málum barna sem verða vitni að heimilisofbeldi. Í janúar hóf Barnaverndarstofa að bjóða upp á hópmeðferð fyrir börn sem hafa búið við og/ eða verið vitni að heimilisofbeldi. Um er að ræða sérhæfða sálfræðimeðferð fyrir börn sem hafa orðið fyrir áföllum. Fyrirmyndin að meðferðinni er sótt til Noregs. Í júlí 2010 kom út íslensk þýðing á norsku bókinni *Sinna mann*, sem hlaut titilinn *Illí kall* á íslensku. Mál og menning gaf bókina út í samstarfi við Forlagið og Barnaverndarstofu. Bókinni er ætlað að opna umræðu um áhrif heimilisofbeldis á börn og aðstoða fullorðna við að ræða viðfangsefnið við þau. Jafnframt hefur verið ákveðin framþróun á árinu hvað varðar málefni kvenna sem verða fyrir ofbeldi af hálfu maka. Þá hefur fagfólk innan heilbrigðiskerfisins sýnt þessum málum aukinn áhuga og ráðist hefur verið í vinnu við gerð klínískra leiðbeininga fyrir starfsfólk innan heilbrigðiskerfisins um það hvernig standa ber að málum kvenna sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi. Sú umræða, sem hefur átt sér stað innan heilbrigðiskerfisins, virðist þó að mestu hafa snúist um konur. Börn kvennanna virðast ekki hafa komið þar til álita nema með takmörkuðum hætti.





2. Löggjöf

2.1 Löggjöf á Íslandi um heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er ekki skilgreint sérstaklega í íslenskum lögum heldur fellur það undir ýmis ákvæði í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Litið er á að atvik eins og ofbeldisbrot (217. gr. og 218. gr.), kynferðisbrot (194. - 207. gr.) og brot gegn frjálstræði manna (225. gr. og 226. gr.) á milli skyldra eða tengdra aðila séu heimilisofbeldismál (Ríkislögreglustjórnin, 2005). Árið 2006 var nýrri málsgrein bætt við 70. gr. almennra hegningarlaga, en þar er að finna refsipungingar ákvæði sem dómáramur eiga að jafnaði að taka til greina til þungingar refsingar ef verknaður beinist að karli, konu eða barni sem er nákominn geranda og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Enn sem komið er hefur sjaldan verið vísað til þessa ákvæðis við ákvörðun refsingar.

2.1.1 Nálgunarbann

Reglur um nálgunarbann koma fyrst til sögunnar í íslenskum lögum árið 1991. Þetta lagaákvæði einskorðast þó ekki við heimilisofbeldismál heldur er hægt að óska eftir nálgunarbanni á einstakling vegna fleiri ástæðna. Lögregla eða þolandi getur sótt um nálgunarbann en dómari úrskurðar um

kröfuna.⁸ Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt fyrir að vera of þungt í vöfum þar sem dómstólar geri miklar kröfur um sönnun á að þörf sé á banninu og afgreiðsla þess getur tekið langan tíma. Undanfarin ár hafa verið gerðar endurteknar tilraunir til að afgreiða nýtt frumvarp á alþingi um breytingartillögu um nálgunarbann með áherslu á svonefnda „austurríska leið“. Um er að ræða öllu róttækara úrræði en nálgunarbannið í núverandi mynd, sem hægt er beita sérstaklega í heimilisofbeldismálum. Frumvarpið felur í sér aukna heimild lögreglu til að fjarlægja geranda af heimili sínu ef hann hefur beitt fjölskyldumeðlimi ofbeldi og að setja á hann nálgunarbann til skemmri tíma. Síðast átti að fjalla um frumvarpið á haustþingi 2010, en einhverjar tafir hafa orðið á því. Sömuleiðis hefur verið í umræðunni hvort þvinga eigi ofbeldismenn til að sækja sérstaka meðferð fyrir garendur sem hluti af refsingu.

8 Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er svipað ákvæði sem gefur heimild til að fjarlægja geranda af heimili, en því er sjaldan beitt.



2.2 Löggjöf um ofbeldi gegn börnum

Börn, sem eru vitni að ofbeldi gegn foreldri á heimili sínu, eru ekki skilgreind sem þolendur eða brotapolar í íslenskum lögum. Aðkoma barna í dómsmálum sem fjalla um kynbundið ofbeldi er því engin. Í rauninni fara fæst mál, þar sem um er að ræða ofbeldi gegn börnum, fyrir rétt á Íslandi⁹, nema ef um kynferðisbrot gegn barni er að ræða og þá er málsmeðferðin mjög skýr. Réttarstaða barna, sem verða fyrir kynferðisofbeldi, virðist þannig vera sterkari en réttarstaða barna sem verða fyrir annars konar ofbeldi. T.a.m. eru sérstök ákvæði í almennum hegningarlögum sem fjalla um kynferðisbrot gegn börnum, en þar er ekki að finna sambærileg ákvæði um annars konar ofbeldisbrot gegn börnum. Frá 1998, hefur verið starfrækt sérstakt Barnahús sem sinnir málefnum barna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi. Barnahús sinnir m.a. skýrslutökum af börnum fyrir dómi, auk þess sem sérhæfð greining fer fram á afleiðingum kynferðisofbeldis fyrir barnið og fjölskyldu þess. Auk þess er boðið upp á meðferð fyrir börnin og ráðgjöf til foreldra. Sambærileg þjónusta er ekki til staðar á Íslandi fyrir börn sem orðið hafa fyrir annars konar ofbeldi.

2.2.1 Barnaverndarlög nr. 80/2002

Þegar um líkamlegt eða andlegt ofbeldi gagnvart börnum er að ræða er yfirleitt vísað í barnaverndarlög nr. 80/2002, en þau fjalla í meginatriðum um réttindi barna gagnvart hinu opinbera þegar foreldrar bregðast uppeldisskilyrðum sínum. Samkvæmt 2. gr. er markmið laganna að „tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður, eða börn sem stofna heilsu sinni eða þroska í hættu, fái nauðsynlega aðstoð“. Í barnaverndarlögum eru ákvæði sem leggja ríkar skyldur á almenning (16. gr.) og fagfólk (17. gr.) um að tilkynna til barnaverndarnefndar ef grunur

er um, eða vitað er að barn verði fyrir ofbeldi eða áreiti á heimili sínu eða búi við óviðunandi aðstæður. Tilkynningarskylda þessi gengur framur öllum öðrum ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta. Sumir hafa bent á að það velti of mikið á túlkun hvers og eins hvenær aðstæður barns, sem er vitni að heimilisofbeldi, teljast *óviðunandi uppeldisaðstæður*, sbr. ákvæði barnaverndarlaga og finnst þörf á að skilgreina nánar hvað flokkist sem óviðunandi uppeldisaðstæður. Þá hefur gjarnan verið vísað til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gerðar kröfur um að íslensk lög færi sig nær 19. gr. sáttmálans. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur áréttað að ofbeldi sem barn verður vitni að, svo sem heimilisofbeldi eða vopnaskak, geti haft í för með sér varanlegan sálrænan skaða fyrir barnið og slíkt ofbeldi heyrir undir 19. gr. sáttmálans (UNICEF, 2007).

⁹ Í þeim fáu dómsmálum sem fjallað hafa um líkamlegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi virðist hafa verið um mjög alvarlegt ofbeldi að ræða.

3. Aðferð

Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er tvíþætt:

1. Viðtöl við fagfólk.
2. Ráðgjafahópar Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.

Rannsóknin fór fram í Reykjavík, en þar búa um 37% af íbúum landsins eða 116.751 íbúar, þar af eru 27.413 börn.¹⁰

Til stóð að taka viðtöl við börn sem búa, eða hafa búið á heimilum þar sem kynbundið ofbeldi átti sér stað, en hætt var við þann hluta rannsóknarinnar þar sem verið er að vinna svipaða rannsókn á Íslandi (sjá um rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur og félaga í inngangi þessarar skýrslu). Aðstandendum þeirrar rannsóknar hefur reynst erfitt að fá nægilega marga þátttakendur, en á Íslandi eru fáir staðir þar sem hægt er að nálgast þolendur heimilisofbeldis. Sömuleiðis stóð til að taka viðtöl við mæður, sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi, um mál er tengjast börnum þeirra. Samdar voru spurningar með hliðsjón af

viðtalsramma frá Barnaheillum – Save the Children á Spáni. Auglýsing var hengd upp í Kvennaathvarfinu og hjá tveimur öðrum frjálsum félagasamtökum sem veita þolendum ofbeldis ráðgjöf og stuðning, þ.e. Stígamót og Drekaflóð. Tengiliðir hjá viðkomandi samtökum samþykktu að kynna rannsóknina fyrir starfsfólki og fengu í hendurnar kynningarbréf um rannsóknina til að afhenda mæðrum. Erfiðlega gekk að fá viðmælendur fyrir rannsóknina og því var ákveðið að hætta sömuleiðis við þennan hluta rannsóknarinnar. Samstarfsaðilar okkar hjá Barnaheillum - Save the Children á Spáni og á Ítalíu áttu sömuleiðis erfitt með að fá nægilega margar mæður til þess að taka þátt í þeirra rannsóknum.

Undirbúningur fyrir rannsókn Barnaheilla - Save the Children fólst m.a. í því að rannsóknir á Íslandi í tengslum við heimilisofbeldi voru skoðaðar. Einnig voru skoðaðar nýlegar ársskýrslur og tölfræðiskýrslur stofnana og samtaka, t.a.m. frá Barnaverndarstofu, Ríkislögreglustjóra og Kvennaathvarfinu. Einnig var leitað ráðgjafar hjá nokkrum fagaðilum og fræðimönnum, sem hafa góða yfirsýn yfir mál er tengjast heimilisofbeldi á Íslandi.

10 Meðaltal af íbúafjölda á Íslandi á tímabilinu 2006-2010, reiknað samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Tafla 1. Viðmælendur í rannsókn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Lögregla

Björgvin Björgvinsson *yfirmaður*

Kynferðisbrotadeild lögreglu

Kynferðisbrotadeildar

Berglind Eyjólfsdóttir *rannsóknarlögreglumáður*

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Félagsþjónusta / sérfræðiþjónusta

grunn- og leikskóla

Hákon Sigursteinsson *sálfræðingur/deildarstjóri*

Þjónustumiðstöð Breiðholts

Helgi Hjartarson *sálfræðingur/deildarstjóri*

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Þorgeir Magnússon *sálfræðingur/deildarstjóri*

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Dómskerfi

Eggert Óskarsson *héraðsdómari*

Héraðsdómur Reykjavíkur

Ragnheiður Harðardóttir *héraðsdómari*

Héraðsdómur Reykjavíkur

Sigríður Ingvarsdóttir *héraðsdómari*

Héraðsdómur Reykjavíkur

Kvennaathvarfið

Sigprúður Guðmundsdóttir *fræðslu- og framkvæmdastýra*

Kvennaathvarfið

Barnavernd

Bragi Guðbrandsson *forstjóri*

Barnaverndarstofa

Halldóra D. Gunnarsdóttir *framkvæmdastjóri*

Barnavernd Reykjavíkur

Sigurður Ragnarsson *sálfræðingur*

Sálfræðiþjónustan Blær

Heilbrigðiskerfi

Geir Gunnlaugsson *landlæknir*

Landlæknisembættið

Ólafur Ó. Guðmundsson *yfirlæknir*

Barna- og unglingsgeðdeild LSH

Vilborg Guðnadóttir *deildarstjóri*

Barna- og unglingsgeðdeild LSH

Eyrún Jónsdóttir *deildarstjóri/verkefnisstjóri*

Áfallamiðstöð LSH

3.1 Viðtöl við fagfólk

Viðtöl voru tekin við fagfólk hjá stofnunum og samtökum (sjá töflu 1). Viðtölin fóru fram í september og október 2010. Viðtalsrammar úr rannsókn Barnaheilla - Save the Children á Spáni voru þýddir og staðfærðir, auk þess sem samdar voru sérstakar spurningar sem taka mið af íslenskum aðstæðum.

Lögregla. Rætt var við tvo aðila hjá lögreglunni, annars vegar yfirmann kynferðisbrotadeildar lögreglu, sem er miðlæg deild innan lögreglunnar og sinnir ýmsum brotaflokkum, m.a. kynferðisbrotum og heimilisofbeldismálum sem er einn af stærstu málaflokkunum sem deildin sinnir. Einnig var rætt við rannsóknarlögregluþjón sem er tengiliður lögreglu við Kvennaathvarfið.

Félagsþjónusta. Árið 2005 færðist starf félagsþjónustunnar í Reykjavík yfir á nokkrar þjónustumiðstöðvar, sem staðsettar eru á mismunandi stöðum í borginni. Nú eru miðstöðvarnar sex. Markmiðið með stofnun þeirra var að bæta þjónustu borgarinnar og gera hana aðgengilegri fyrir íbúa og auka samstarf sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna. Í áður nefndri rannsókn félags- og tryggingamálaráðuneytisins var rætt við félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar (sjá Anni G. Haugen, 2009). Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar er að finna ýmsar upplýsingar sem byggt er á hér. Í rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi var ákveðið að ræða við deildarstjóra sérfræðiþjónustu grunn- og leikskóla, sem eru sálfræðingar. Sérfræðiþjónustan er sérstök deild innan hvers þjónustumiðstöðvar og veitir leik- og grunnskólum í hverfunum þjónustu, t.d. þegar börn og unglingar eiga við hegðunar- eða námsörðugleika að stríða. Markmiðið með viðtölunum var að athuga hvort börn, sem hafa verið vitni að heimilisofbeldi, komi að einhverju ráði inn á borð sálfræðinganna og hvort spurt sé um heimilisofbeldi við skimun eða greiningu á geðrænum vanda hjá börnum.

Héraðsdómur Reykjavíkur. Héraðsdómur Reykjavíkur er almennur dómstóll, en ekki er til sérhæfður fjölskyldudómstóll á Íslandi. Rætt var við þrjá héraðsdómara. Einn dómara, sem rætt var við, dæmir helst í opinberum sakamálum en heimilisofbeldismál heyra undir þann flokk. Hinir tveir sinna einkamálum, en forsjár- og umgengnismál falla þar undir. Þeir höfðu einnig reynslu af opinberum sakamálum, t.d. í gegnum meðdómsstörf.

Kvennaathvarfið. Kvennaathvarfið er hið eina sinnar tegundar á landinu og hefur verið starfrækt síðan 1982. Það er rekið sem sjálfseignarstofnun af Samtökum um kvennaathvarf en fær fjárveitingar frá íslenska ríkinu. Á ári hverju sækir fjöldi kvenna

athvarfið, ýmist til að leita ráðlegginga eða til að dvelja þar í skemmri tíma. Algengt er að börn dvelji þar með mæðrum sínum. Rætt var við fræðslu- og framkvæmdastýru athvarfsins.

Barnavernd. Rætt var við forstjóra Barnaverndarstofu og framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur. Barnaverndarstofa er sjálfstæð ríkisstofnun sem vinnur að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu. Hlutverk Barnaverndarstofu er m.a. að leiðbeina barnaverndarnefndum um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga, að hafa eftirlit með störfum nefndanna og að hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar. Einnig var rætt við sálfræðing, sem annast hópmeðferð á vegum Barnaverndarstofu fyrir börn sem hafa búið við og/eða hafa verið vitni að ofbeldi á heimili sínu.

Heilbrigðiskerfið. Í fyrsta lagi var rætt við landlækni, sem er yfirmaður Landlæknisembættisins. Hlutverk Landlæknisembættisins er m.a. að sinna eftirlitshlutverki gagnvart heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki og að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf um heilbrigðismál. Auk þess er embættið miðstöð um gerð klínískra leiðbeininga sem snúast um verklag til stuðnings starfsfólki í heilbrigðisþjónustu í tengslum við ýmis mál, svo sem meðferðir við sjúkdómum. Í öðru lagi var rætt við yfirlækni Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala (BUGL) og deildarstjóra innlagnardeildar. Markmiðið var að athuga hvort einhver mál, þar sem börn hafa verið vitni að kynbundnu ofbeldi, hafi komið inn á borð deildarinnar og hver viðbrögð starfsmanna væru í slíkum málum. Í þriðja lagi var rætt við deildarstjóra áfallamiðstöðvar Landspítala, en það er sérstök eining innan sjúkrahússins sem veitir þeim sem leita til slysa- og bráðamóttöku stuðning og aðstoð við að vinna úr áföllum.



3.2 Ráðgjafahópar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ráðgjafahópar voru myndaðir til að heyra sjónarmið barna á málefnum. Þátttakendur í hópnum voru nemendur í 8. bekk grunnskóla í Reykjavík. Nemendum var skipt í hópa eftir kyni og samanstóð hvor hópur af sex nemendum. Hvor hópur hittist í eitt skipti, í október 2010. Vinnan fór fram í skólastofu bekkjarins að loknum hefðbundnum kennsludegi og tók um tvær klukkustundir. Rannsakandi á vegum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi leiddi hópastarfið, en það fólst í því að ungmennin ræddu um ýmis mál tengd kynbundnu ofbeldi/heimilisofbeldi og stöðu barna sem búa við slíkar aðstæður.



4. Niðurstöður

4.1 Sýn viðmælenda á börnin

Flestir viðmælendur í rannsókninni svöruðu því játandi að börnin væru fórnarlömb, en einn viðmælandi treysti sér ekki til að svara spurningunni. Það virðist ljóst í hugum flestra að ástandið á heimilinu hefur neikvæð áhrif á börnin. Sumir höfðu sérstaklega á orði að þeim fyndist börnin gleymast í umræðunni um kynbundið ofbeldi á Íslandi og að mikil þörf væri á því að viðurkenna hérlendis að vandamálið snýst einnig um börnin.

Mér hefur fundist umræðan fókusera alltaf á konuna og hefur haft þennan *gender-bias*, eða kynjamisrétti. Mér finnst að í þessu tilviki þurfum við líka að fókusera á börn. Þau eru fórnarlömb ekki síður en konan [...] Hún er brotþoli, alveg klárlega, en barnið, er hlutlaust og stendur hjá (landlæknir).

4.1.1 Öryggi barna ógnað og grundvallarþarfir ekki uppfylltar

Margir viðmælendur lögðu áherslu á að ofbeldi á heimili væri ógn gegn öryggi barnanna og að hætta væri á því að grundvallarþarfir þeirra væru ekki uppfylltar vegna ástandsins á heimilinu.

Við ætlumst til þess að fjölskyldan sé grunneiningin og öryggið ... en þau [börnin] fá ekki það sem þau eiga að fá út úr uppeldinu vegna ofbeldisins (framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins).

Nokkrir bentu á að oft á tíðum væri beinlínis um vanrækslu að ræða gagnvart börnunum.

Börn eru að þroskast, þau eru viðkvæm og það ber að hlúa að þeim og vernda og uppfylla ákveðnar grunnþarfir. Þegar það gengur ekki og það verða svona grundvallar... hvað á maður að segja svik hvað varðar þörf barnsins fyrir öryggi og ákveðinn jákvæðan aga og stöðugleika ... þá er það vanræksla og þá eru börnin þolendur (deildarstjóri innlagnardeildar BUGL).

Börnin eru oft alveg gríðarlega markalaus, algjört rútínuleysi og vanræksla oft á tíðum ... og þá ekki bara af hálfu ofbeldismannsins heldur líka móðurinnar, sem hefur nóg með sig (framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins).

Sumir vísuðu til þess að börnin þyrftu ekki endilega að vera vitni að ofbeldisatvikum til þess að vera fórnarlömb. Andrúmsloftið á heimilinu geti haft slæm áhrif á þau.

... ef þau [börnin] eru ekki beint að sjá ofbeldið þá eru þau vitni að andrúmsloftinu á heimilinu og þeirri stigmögnun þegar þetta er að fara upp úr öllu valdi (deildarstjóri áfallamiðstöðvar LSH).

Þessi atriði koma gjarnan fram í rannsóknum þar sem rætt er við mæður og börn. Börnin eru stöðugt á varðbergi gagnvart vísbendingum um að ofbeldi hefjist á ný (sjá í Mullender og félögum, 2002). Oft er það ekki fyrr en börnin verða eldri og fræðast um fjölskyldulíf annarra barna, að þau átta sig á því að þetta er óeðlilegt.

Þau vita ekki hvað er í gangi. Þau vita að þetta er óeðlilegt ... en það er náttúrulega skelfilegt, að þau eru orðin svo vön því. Þeim finnst það ekki lengur óeðlilegt. Mér finnst það alveg skelfilegt (héraðsdómari).

Tveir viðmælendur sögðu það ekki síður sárt fyrir börn að horfa upp á gerandann beita ofbeldinu en að sjá móður verða fyrir því.

Ég held að það sé mjög afdrifaríkt fyrir börn að þurfa að horfa upp á ástvini sína verða fyrir ofbeldi og ekki síður að beita því (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

... auk þess sem þarna er þá komin fyrirmynd að hegðun varðandi hvernig maður leysir vandamál. Maður sem sagt beitir ofbeldi ... sem er náttúruleg ekki gott fyrir barnið að læra (deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla).

Einn viðmælandi hafði sérstaklega orð á því hve slæmt það væri fyrir börn að horfa upp á móður sína verða fyrir andlegu ofbeldi. Það væri vanmetinn þáttur í allri umræðu um heimilisofbeldi.

... þegar börn horfa upp á þetta, hvaða skilaboðer verið að senda þeim í fyrsta lagi, og í öðru lagi brýtur þetta þau ekki líka niður? (rannsóknarlögglumaður).

Ef faðirinn er búinn að vera að gera lítið úr mömmunni og segir krökkunum að mamma þeirra sé ömurleg ... þá á þeim eftir að finnast mamman alveg ömurleg (13 ára stúlka í ráðgjafahópi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi).

4.1.2 Auknar líkur á að börn verði fyrir ofbeldi eða áverkum

Erlendar rannsóknir gefa til kynna að börn, sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað milli foreldra, verði sum hver einnig fyrir líkamlegu ofbeldi eða annars konar ofbeldi, eða séu í aukinni hættu gagnvart því (sjá t.d. í Edelson, 1999).

Sum eru beinlínis beitt ofbeldi, eða hrint frá þegar þau ætla að verja mömmu sína. Eða það er hent einhverju í mömmuna þegar hún heldur á barninu. Þannig að sum meiða sig líkamlega í þessu öllu saman [...] Það eru líka mörg dæmi um óútskýranlega áverka á börnum sem enginn veit nákvæmlega hvernig gerðust (framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins).

Ef gerandi beitir maka sinn ofbeldi, líkamlegu, þá er mjög líklegt að barnið verði líka fyrir ofbeldi [...] Það er náttúrulega ekkert langt síðan það þótti ekki tiltökumál að berja barn ... og ég held að við séum ekki laus... kynslóðarskiptin eru ekki yfirstaðin (yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglu).

Maður hefur oft heyrt um að ef faðirinn er t.d. að lemja mömmuna þá geti það gerst fyrir barnið... það náttúrulega hefur mjög mikil andleg áhrif á barnið (13 ára stúlka í ráðgjafahópi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi).



4.1.3 Erfiðir tímar í kjölfar sambúðarslita

Einn viðmælandi lýsti því hve erfiðir tímar geta fylgt í kjölfar þess að móður tekst að slíta sambandi við ofbeldismanninn og hefja nýtt líf. Hann benti á að konurnar séu þá oft á tíðum viðkvæmari fyrir fátækt heldur en aðrar konur, þar sem þær þurfa að byrja nánast upp á nýtt. Börnin eru síðan gjarnan bitbein foreldra sinna í kjölfar skilnaðarins.

Forsjáin og umgengnin er þá notuð sem vopn ofbeldismannsins. Hann tekur þau, nemur þau burt úr leikskólanum eða fer með þau úr landi, eða kippir þeim út úr lífi sínu, til að hefna sín á móðurinni (framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins).

Nokkrum sinnum kom einnig fram hve erfitt það getur verið fyrir börnin að þurfa að „velja á milli foreldra sinna“ (e. *loyalty conflict*).

Þér þykir kannski vænt um bæði, en annað hlýtur að hafa rétt fyrir sér og barnið getur lent í mjög miklum loyaltets conflict (landlæknir).

4.1.4 Líðan/geðheilsa barna

Fleiri viðmælendur ræddu nánar um líðan og geðheilsu barnanna, ýmist með tilvísun í rannsóknir eða frásagnir mæðra sem búa við heimilisofbeldi.

Ég upplifi það að þarna er verið að markera barnið. Það horfir upp á þetta. Barnið fær kannski ekki marblett á líkamann, en ég held að það sé með því erfiðara að búa við svona ofbeldi ... og það getur verið stanslaus kvíði. Þetta er kannski það sem mæður hafa sagt mér, að þær upplifa kvíða hjá börnunum (rannsóknarlögreglumaður).

Þau eru fórnarlömb aðstæðna sem þau eru föst í og ráða ekki við og hafa ekki stjórn á (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Það eru rannsóknir sem sýna að krakkar sem verða fyrir slíkri reynslu [eru vitni að ofbeldi milli foreldra] að áhrifin eru mjög langvinn ... og geta haft áhrif til lengri tíma hvað varðar geðheilsu þeirra (landlæknir).

Einn viðmælandi benti á að ofbeldi á heimilum sé mikilvægur áhættuþáttur sem getur haft alvarlegar afleiðingar í lífi barna.⁶ Hann minnti þó jafnframt á að ofbeldi getur haft mismiklar afleiðingar hjá börnum og skoða þurfi fleiri þætti í umhverfi barnsins sem geti haft áhrif þar á.

Ofbeldi er náttúrulega mjög þungur þáttur í því andrúmslofti sem barnið elst upp við og það er áhættuþáttur. Það er náttúrulega mjög líklegt að börn sem lenda í svoleiðis aðstæðum klári sig mjög misjafnlega [...] Á sum börn myndi þetta hafa lítil áhrif, af því þau hafa kannski styrkleika, kannski í sinni skapgerð, eða einhverja hæfni. En önnur börn eru miklu viðkvæmari og hafa þetta ekki (yfirlæknir BUGL).

Í fræðunum er gjarnan fjallað um að sum börn búi yfir verndandi eiginleikum sem gera það að verkum að þau spjara sig betur en önnur börn. T.d. að gott samband sé milli barns og foreldra, barn fái góðan stuðning frá einhverjum fullorðnum eða eigi góða vini. Sömuleiðis getur hugarfar barns verið styrkleiki, þ.e. hvernig barnið túlkar það sem gerist í kringum það. Það er því mikilvægt að huga ekki aðeins að veikleikum barna heldur einnig að styrkleikum þeirra, svo hægt sé að hlúa að þeim.

Dæmi um þætti sem geta valdið barni erfiðleikum er neikvætt hugarfar eða hugsunarháttur, þar sem barnið hefur tilhneigingu til að túlka atburði og samskipti við annað fólk á neikvæðan hátt eða hefur áhyggjur af því að allt fari á versta veg. Þetta getur valdið auknum erfiðleikum í lífi barns,

⁶ Aðrir viðurkenndir áhættuþættir í lífi barna eru t.d. fátækt, geðræn vandkvæði barns eða foreldra, áfengis- og/eða vímuefnaneysla á heimilinu og ef barn er með þroskahamlanir, en það getur valdið auknu álagi og streitu hjá foreldrum.

t.a.m. getur það átt erfitt með að eignast vini eða að halda í vini. Sömuleiðis eiga börnin á hættu að verða kvíðin eða döpur og þunglynd, vegna vonleysis.

Nokkrir viðmælendur komu inn á að börnin hafi ekki nægilegan þroska til að skilja það sem er að gerast á milli foreldranna á heimilinu og búi yfirleitt yfir takmörkuðum bjargráðum (e. *coping skills*) til að takast á við þessar erfiðu aðstæður.

... börn eru bara einstaklingar sem eru vanmáttug og ... eiga ekkert ráð við því þegar svona atburðir eru í gangi (deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla).

... að þá sem sagt fara þau [foreldrarnir] yfir ákveðin mörk sem barnið skilur ekki, eða getur ekki einhvern veginn sett í samhengi (deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla).

Barnið er náttúrulega á mótunarskeiði ... er að þroskast [...] og frá sjónarhorni barnsins getur þetta verið gjörsamlega óskiljanlegt og nánast eins og einhverjar náttúruhamfarir í kringum það, sem það upplifir sig gjörsamlega vanmáttugt gagnvart (forstjóri Barnaverndarstofu).

Viðmælandinn nefndi áfallastreituröskun sérstaklega í þessu samhengi.

...og þetta getur náttúrulega valdið áfallastreituröskun að upplifa þetta og mikilli sálarangist fyrir barnið. Þannig að ef barnið fær ekki stuðning þá er það náttúrulega alveg augljóslega eitthvað sem getur haft miklu langvinnari afleiðingar heldur en hjá þeim fullorðnu sem standa í átökunum (forstjóri Barnaverndarstofu).

Rannsóknin Þekking barna á ofbeldi á heimilum (óbirt efni, 2010).⁷

Guðrún Kristinsdóttir og félagar tóku viðtöl við 14 börn og unglinga, sex stúlkur og átta drengi, sem urðu vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Sum þeirra urðu einnig fyrir ofbeldi sjálf. Þrettán barnanna greindu frá því að ofbeldið á heimilinu hafi reynst þeim afar erfitt. Í viðtölunum sögðu þau frá ýmsum erfiðleikum í tengslum við ofbeldið og aðstæður á heimilinu. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um það sem börnin sögðu að hefði verið erfiðast:⁸

⁷ Samantektin sem hér birtist er hluti af niðurstöðum rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* sem fram fer á menntasvísindasviði Háskóla Íslands og er birt hér með góðfúslegu leyfi höfunda.

⁸ Dæmi eru um að barn nefndi tvö atriði sem honum/henni fannst verst, á mismunandi stöðum í frásögn sinni.

- Að sjá árás á móður og upplifa vanmátt
- Að sjá árás á yngri systkini (2-4 ára)
- Andlegt ofbeldi var verra en hið líkamlega
- Erfiðast var að heyra hljóðin og er þá vísað til þess að barn er ekki viðstatt en heyrir þegar ofbeldið á sér stað
- Þegar gerandi eyðilagði hluti
- Þegar móðir var orðin veikburða vegna ofbeldisins og gat ekki annast börnin
- Einnig er atburðum lýst þar sem ofbeldismaður hótar lífláti og/eða mundar vopn og það vekur ofsahræðslu hjá börnum



4.1.5 Sektarkennd barna

Sumir viðmælendur komu inn á þær hugsanir sem bærst geta innra með börnunum. Einstaka viðmælendur nefndu að börnin myndu gjarnan fyrir sektarkennd og vanlíðan vegna hennar, en sektarkennd og reiði eru algeng viðbrögð barna í kjölfar áfalla (Gurwitch, Sullivan og Long, 1998). Börnum getur t.a.m. fundist erfitt að hugsa til þess að þau hafi ekki orðið fyrir ofbeldi sjálf, líkt og móðir þeirra eða systkini og fundið fyrir sektarkennd vegna þessa, eða þeim líður illa yfir því að hafa ekki hjálpað þeim sem urðu fyrir ofbeldinu.

Maður sér það ekki síst hjá strákum ... sem eru aðeins eldri, að þeir glíma við að hafa ekki staðið sig í að vernda viðkomandi, eða ganga inn í ofbeldið (sálfræðingur sem annast hópmeðferð fyrir Barnaverndarstofu).

Börn geta fundið fyrir sektarkennd frá unga aldri en áhrif þessa eru breytileg eftir þroskastigi. Á fyrstu æviárunum eiga börn erfitt með að setja sig inn í hugarástand annarra (Hoffman, 1982) og átta sig því ekki á því þegar þau særa tilfinningar annarra. Við fimm eða sex ára aldur fara þau að gera greinarmun á sektarkennd og öðrum geðshræringum, svo sem sorg eða skömm, en geta þó ekki skilgreint hvað felst í hugtakinu sektarkennd sem slíku (Emilia, Garattoni og Venturini, 2000). Í fyrstu tengja þau sektarkenndina við að þau eigi að vera góð við aðra, sem og við ótta við að vera refsað. Með frekari þroska átta þau sig betur á því að þau geti sært tilfinningar annarra og fara að finna til sektarkenndar af flóknari orsökum. Smám saman átta þau sig sömuleiðis á því að besta leiðin til að losna undan sektarkenndinni er að gera eitthvað til að bæta úr rangindunum (Emilia og félagar, 2000), svo sem að biðjast afsökunar, gefa gjafir eða gera eitthvað fallett fyrir viðkomandi.

Sum börn telja sig beinlínis bera ábyrgð á ofbeldinu á heimilinu. Þau telja t.d. að eitthvað sem þau hafa sagt eða gert hafi reitt gerandann til reiði og það hafi kallað ofbeldi yfir móður eða aðra fjölskyldumeðlimi.

Þau upplifa kannski gríðarlega streitu, vegna þess að þau vita að í hvert sinn sem pabbi kemur að sækja þau, þá fer allt í loftið. Hann öskrar og æpir og lemur mömmu ... og þau sjá að það er þeim að kenna að pabbi lemur mömmu (framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins).

Börnin gera gjarnan óraunhæfar kröfur til sín. Hætta er á því að þau gangi inn í alls kyns óásættanleg hlutverk á heimilinu sem þau hafa ekki þroska til, til að aðstoða foreldrana, sem eiga nóg með sig. Ýmsar ástæður geta verið fyrir þessum viðbrögðum barnanna. Þeim getur t.d. fundist þau vera að bæta fyrir eitthvað sem þau telja sig hafa gert rangt eða þau álíta sig vera að draga úr líkunum á frekari spennu á heimilinu. Þannig verndi þau sig og aðra fjölskyldumeðlimi.

Viðmælandi frá Kvennaathvarfinu greindi frá sláandi dæmi um þá ábyrgð, sem ungt barn tekur á sig, til að styðja við móður sína. Átta ára drengur kom reglulega til starfskvennanna og bað um leigulista til að finna húsnæði fyrir sig og móður sína. Hann reyndi að finna út hvar ódýrast væri fyrir þau að leigja, með tilliti til staðsetningar, hversu háar húsaleigubætur væru greiddar í viðkomandi sveitarfélagi og hver ferðakostnaðurinn yrði fyrir móður hans til þess að komast til vinnu.

Í rannsókn Stanley og féлага (2010) kemur fram töluverð andúð og reiði í frásögnum sumra unglunga yfir þeirri ábyrgð sem þeir neyddust til að axla sem börn. Þetta kemur greinilega fram í frásögn þessarar stúlku.

Mamma grét á öxlinni á mér, en á það ekki að vera öfugt? Átt það ekki að vera þú sem ert grátandi á öxlinni á mömmu þinni? Ég sat í tröppunum með mömmu, fjögurra ára, hún grátandi á öxlinni á mér, spyrjandi mig hvað hún ætti að gera. En ég veit það ekki. Ég veit ekki hvernig á að bregðast við svona aðstæðum fjögurra ára gömul og þess vegna

skilur þetta mikið eftir sig, maður eldist fljótar (Jodie) (Stanley og félagar, 2010).

Sömuleiðis töluðu unglingar um það hvernig sú mikla ábyrgð, sem þeir þurftu að axla sem börn, hafi einangrað þá frá jafnöldrum og kom í veg fyrir að þeir fengju að njóta sín.

Ég hef eiginlega aldrei fengið tækifæri til að vera barn. Ekki fengið tækifæri til að hanga með vinum mínum eða gera það sem mig langar til að gera, spila fótbolta og þú veist (Ann) (Stanley og félagar, 2010).

4.2 Sýn viðmælenda á þarfir barnanna

Nokkrum viðmælendum fannst þeir ekki hafa forsendur til að svara spurningunni eða sögðust eiga erfitt með að tjá sig um viðfangsefnið, þar sem þeir væru ekki meðferðaraðilar eða menntaðir í slíkum málum. Sumir bentu réttilega á hve mismunandi vandamálin eru sem börnin eru að glíma við og að erfitt væri að benda á einhverjar „þumalputtareglur“ um hvernig best væri að vinna málin. Skoða þyrfti aðstæður hvers barns vandlega.

Flestir nefndu það sem algjört forgangsatriði að öryggi barna og mæðra væri tryggt. Sumir bættu því við að það þýði í rauninni lítið að veita börnunum einhverja meðferð á meðan þau búa við ofbeldið, fyrst yrði að tryggja að ofbeldið á heimilinu hætti.

... að þau séu í umhverfi sem getur hlúð að þeim og byggt í kringum þau. Síðan koma þarfir sem snúa meira að fagaðilum, sem geta hjálpað þeim að vinna úr reynslu sinni og byrgja hana ekki inni eða taka hana út í óæskilegri hegðun (sálfræðingur sem annast hópmeðferð fyrir Barnaverndarstofu).

Myndi segja að þarfir þessara barna væru að grípa eins fljótt inn í og hægt er...og vera með öflugri fjölskylduúrræði fyrr [...] Mér finnst að ætti að felast í því stuðningur til bæði barns og fjölskyldu [...] úrræði fyrir öll stigin. Úrræði fyrir fjölskyldu sem vill og getur klárað þetta ... og úrræði fyrir fjölskyldu sem getur ekki klárað þetta [...] Það...

...er alltaf einhver ástæða fyrir því að fjölskylda er fjölskylda og þess vegna þarf að hlúa að því með einhverri fjölskylduvinnu. Allavega leggja mat á það hvort fjölskylduvinna sé eitthvað sem er mögulegt við tiltekna aðstæður (deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla)

Nokkrir töluðu sérstaklega um mikilvægi þess að bjóða gerendum meðferð svo þeir fái tækifæri til að bæta hegðun sína.

Ég er viss um að það er hægt að hvetja fleiri karlmenn til að fara í meðferð og vinna með hegðun sína. Ég er nefnilega alveg viss um að þessir karlar, flestir hverjir vilji ekki beita þessu ofbeldi. Þá langar ekki að vera svona og eyðileggja hvert samband sitt á fætur öðru, við börnin sín og konur. Ég held að það sé ekki það sem fólk vill (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Sumir viðmælendur lögðu sömuleiðis áherslu á nauðsyn þess að veita börnunum sjálfum stuðning eða meðferð.

Það þarf auðvitað að vinna með börnin líka. Þau hefðu gott af því að vinna úr þessari reynslu ... að það sé talað við þau, ef þau eru orðin það gömul [...] og fái að viðra þetta og fái skýringar og sjónarmið fullorðins aðila, vegna þess að venjulega hafa börnin haldið þessari reynslu fyrir sig. Aldrei kannski talað um þetta við neinn (deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla).



Einn viðmælandi kom einnig inn á mikilvægt atriði, þ.e. að börn sýna vanlíðan sína á mismunandi hátt. Sum eiga það til að sýna vanlíðan sína með því að draga sig í hlé og verða döpur eða sinnulaus („hverfa inn í sig“), en önnur eru reið og skeyta skapi sínu á fólki eða hlutum í umhverfinu eða eru æst og ópolinmóð („sýna vanlíðan sína út á við“). Það má því ekki gleyma að ræða sömuleiðis við þau síðarnefndu og að hluti af ástæðunni fyrir því að þau haga sér á þennan hátt er vanlíðan.

Börn hafa líka þessa aðferð [sýna erfiða hegðun] til þess að bregðast við svona ... eins og þau samsamist árársaðilanum. Þau hafa bara þessa aðferð til þess að flýja óþægilegar tilfinningar, eða lifa þær út [...] Einhver þarf sömuleiðis að taka utan um þau og fjalla um þessa reynslu með þeim. Koma henni í eitthvert skynsamlegt samhengi þannig að þau átti sig á því hvað hafi gerst og geti afgreitt það einhvern veginn í huga sér (deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla).

Einn viðmælandi benti á mikilvægi þess að komið væri á skilvirkum farvegi um áfallavinnu með börnunum, þ.e. hvernig metið væri hvaða börn eru í þörf fyrir áfallamiðaða sálfræðimeðferð og sömuleiðis hvert hægt er að vísa öðrum börnum, sem eiga við önnur vandamál að stríða. Lykilatriði er að fagaðilar komi að því ferli og að þeir séu færir um að skilja vanda barna út frá aldri þeirra og þroska. Auk þess verður greiningarferlið að vera skilvirkt, svo hægt sé að tryggja börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu eins fljótt og auðið er.

... og það er náttúrulega mjög mikilvægt að slíkur farvegur sé aðgengilegur. Það sé ekki bið eða biðlistar, eða töf á að meðhöndla þetta. Svona þjónusta [áfallamiðuð sálfræðimeðferð] er ferskvara getum við sagt, að hún hefur ekkert gildi ef það er þörf fyrir hana í þessari viku en hún býðst eftir þrjá mánuði. Þá er hún útrunnin og tilgangslaus (yfirlæknir BUGL).

Mikilvægt er að áréttu að börn eru misnæm að upplagi gagnvart því að þróa með sér sálræn vandkvæði. Því er mikilvægt að fagaðili sem

sérhæfður er í vinnu með börnum og hefur þekkingu á gagnreyndum (*e. evidence based*) matsaðferðum og meðferðarúrræðum hitti börnin með það að markmiði að meta styrkleika og veikleika barnanna og þörf á frekari stuðningi.

Þörf á fleiri úrræðum fyrir börn og fjölskyldur

Margir viðmælendur höfðu orð á því hve mikill skortur er á meðferðarúrræðum fyrir börn og fjölskyldur í borginni.

Við eigum grátlega lítinn stuðning fyrir fjölskyldur ... og það sem er áhugavert líka er að á pappírnum eigum við það. Það er mjög mikið af góðum úrræðum og leiðum og allt mögulegt á pappírnum, en í praxís þá er stór hluti af þessum úrræðum ekki til staðar.

Af svörum deildarstjóra sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla að dæma er ljóst að þeir eiga úr takmörkuðum úrræðum að velja fyrir börn sem eiga við erfiðleika að stríða og óska eftir sérhæfðari úrræðum fyrir bæði börn og fjölskyldur.

Það vantar í þessu þjóðfélagi, það vantar að vinna með börn, vinna úr reynslu þeirra, byggja þau upp bæði einstaklingslega og líka með námskeiðum [...] Það þarf sérhæfðari vinnubrögð ... og þar finnst mér að sveitarfélögin, t.d. þessi stóru, eigi að koma til skjalanna. Þjónustan þarf síðan að vera aðgengileg. Hún er ekki nógu aðgengileg í dag.

Mér finnst að Reykjavíkurborg í þessu tilfelli eigi að taka sitt hlutverk mjög alvarlega, búa sér til það sem heitir fjölskyldustefna og helst ætti borgin að koma þessu inn í stjórnkerfið þannig að það væri til ákveðið fjölskyldusvið, en ekki bara Menntasvið, Leikskólasvið, Velferðarsvið og Íþrótt- og tómstundasvið.

Samantekt

Það virðist vera ljóst í huga allra sem rætt var við að börnin eru fórnarlömb, ekki síður en mæður þeirra. Sumir viðmælendur hafa meiri þekkingu eða innsýn í aðstæður barnanna og þau vandamál, sem geta steðjað að í lífi þeirra, en aðrir. Þegar kemur að þörfum barnanna og mögulegum úrræðum leggja flestir áherslu á að öryggi barnanna sé tryggt og þau fái þá grundvallarumönnun sem börn eiga skilið. Margir töluðu um mikilvægi þess að koma á öryggi á heimilinu enda er það ein megin forsenda þess að börnum finnist þau vera örugg. Sumir ræddu enn fremur um mikilvægi þess að fræða foreldra og leiðbeina þeim í uppeldislutverkum sínum. Margir viðmælendur gera kröfu um að komið verði á betri úrræðum héraðs til að verja þolendur ofbeldis og börn þeirra, sem og fjölbreyttari úrræði til að styðja við bakið á fjölskyldum sem glíma við afleiðingar ofbeldis á heimilum.

Athyglisvert er að aðeins hluti viðmælenda ræddi um beina vinnu með börnunum, þ.e. mikilvægi þess að veita þeim fræðslu eða meðferðarviðtöl. Aðrir lögðu megin áherslu á vinnu með hegðun foreldranna. Rétt er að minna á það að ítrekað

kemur fram í rannsóknum um börn og unglinga, sem hafa búið á heimilum þar sem heimilisofbeldi hefur átt sér stað, að börnin hefðu viljað fá tækifæri til að tjá sig um líðan sína og fá útskýringar á því sem hefur gerst á heimilinu. Oft finnst börnunum þau vera einangruð á heimilinu og þau finna fyrir vanlíðan og vonleysi (Mullender og félagar, 2000). Það er ljóst að ekki þarfnast öll börn meðferðarviðtala. Í sumum tilvikum getur verið nóg og jafnvel meira viðeigandi að foreldrum sé veitt ráðgjöf um það hvernig þeir geti rætt við börn sín um ástandið á heimilinu á uppbyggilegan hátt. Hins vegar má gera ráð fyrir því að önnur börn þurfi á meiri stuðningi að halda, t.d. ef þau eru haldin miklum og hamlandi kvíða eða vonleysi. Mullender og félagar (2002) benda á að allur stuðningur til barna þurfi að taka mið af skilningi þeirra, aldri og þroska, annars er hættu á því að stuðningurinn nýtist þeim ekki sem skyldi. Stefnumótun í þessum málum má því ekki byggjast alfarið á fyrirfram gefnum hugmyndum og ályktunum fullorðinna. Taka þarf mið af skilningi barnanna og þeim aðferðum eða bjargráðum, sem börnin segja að hafi hjálpað þeim við að takast á við erfiðar heimilisaðstæður og afleiðingar vegna þeirra.

Mikilvægt er:

- Að ofbeldið hætti
- Að börnin finni til öryggis og að þau viti að ofbeldi muni ekki eiga sér stað á heimilinu á ný
- Að börnin fái útskýringar á því sem hefur átt sér stað á heimilinu *
- Að börnin viti að ofbeldið á heimilinu var ekki þeim að kenna
- Að börnin fái viðurkenningu á því að þær hugsanir sem bærast með þeim og tilfinningarnar sem þau finna fyrir séu skiljanlegar og eðlilegar í ljósi þeirra aðstæðna sem þau hafa búið við
- Að börnin viti að þau þurfi ekki að skammast sín og að ofbeldið eigi ekki að vera leyndarmál
- Að börnin fái tækifæri til að ræða um erfið atvik á

heimilinu, þegar þau eru tilbúin til þess

- Að börnin læri nýjar aðferðir til þess að takast á við afleiðingar ofbeldisins
- Að börnin fái að vita hver næstu skref fjölskyldunnar eru, t.d. hvort þau muni flytja í nýtt húsnaði og hvenær þau fái að hitta föður sinn næst.
- Að börnin læri að það er óásættanlegt að beita ofbeldi og að það eru aðrar leiðir til þess að leysa ágreining
- Að börnin læri um jafnrétti kynjanna

* Fyrstu skrefin eru að foreldrar láti börnin vita að þau geti rætt opinskátt um ofbeldið sem átti sér stað á heimilinu og að það sé ekki lengur leyndarmál. Margir foreldrar virðast eiga erfitt með að útskýra fyrir börnum sínum hvað gerðist og því getur verið þörf á að leiðbeina þeim um það hvernig best er að ræða þessi mál.





4.3 Viðbrögð stofnana og samtaka

Þeir aðilar, sem oftast fá mál er tengjast kynbundnu ofbeldi inn á sitt borð, eru lögreglan, Kvennaathvarfið og áfallamiðstöð Landspítalans. Barnavernd Reykjavíkur hefur fengið töluverðan fjölda af tilkynningum um mál af þessu tagi, en yfirgnæfandi meirihluti tilkynninga er frá lögreglu. Deildarstjórar sérfræðipjónustu grunn- og leikskóla kannast við fá eða engin mál af þessum toga og það sama gildir um barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans.

Hvergi er að finna verklagsreglur í tengslum við heimilisofbeldi/kynbundið ofbeldi⁹ nema hjá lögreglunni. Ríkislögreglustjóri lét útbúa verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála árið 2005 (Ríkislögreglustjórinn, 2005), en þær fjalla þó að takmörkuðu leyti um börn. Viðmælendur hjá félagsþjónustu, barnavernd og innan heilbrigðiskerfisins nefna almennar verklagsreglur um tilkynningarferli til barnaverndar. Þær verklagsreglur fela hins vegar ekki í sér nein sérstök atriði er varða börn sem búa við og eru vitni að heimilisofbeldi. Margir viðmælenda telja ekki þörf á því að tilgreina mál af þessum toga sérstaklega í verklagsreglum. Það eigi að vera ljóst fyrir starfsfólki að umræddar heimilisaðstæður flokkist sem óviðunandi uppeldisaðstæður og því beri að tilkynna slíkt til barnaverndar, sbr. ákvæði barnaverndarlaga.

Hvergi er um nein sérhæfð viðbrögð að ræða ef í ljós kemur að barn býr á heimili þar sem ofbeldi er milli foreldra. Flestir vísuðu til þess að tilkynna ætti um mál af þessum toga til barnaverndar eða töldu það vera líkleg viðbrögð.¹⁰ Viðmælendur lögðu gjarnan mikla áherslu á að tilkynnt væri í

samráði við foreldra barns eða með vitneskju þeirra, en leggja þó mismikla áherslu á það hversu fljótt skuli farið í þær aðgerðir. Sumir nefna að slíkt beri að gera tafarlaust en aðrir tala um að fyrst beri að reyna önnur úrræði, sem fyrir hendi eru, en það er í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga um meðalhöfsreglu.

4.3.1 Lögregla

Að sögn yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglu hefur orðið töluverð aukning á fjölda heimilisofbeldismála, sem eru til rannsóknar hjá deildinni. Hann segist merkja aukna hörku í þessum málaflokki, aðallega vegna vaxandi lyfja- og áfengismisnotkunar. Þegar lögreglumenn koma á vettvang, eru aðgerðir þeirra yfirleitt fólgnar í því að stilla til friðar og fylgja mæðrum og börnum í öruggar aðstæður ef þess er óskað, svo sem í Kvennaathvarfið eða til ættingja og vina. Í sumum tilvikum þarf að fylgja móður á slysa- og bráðamóttöku, auk þess sem gerandi getur þurft að sæta handtöku. Að sögn viðmælenda, eiga lögreglumenn að athuga hvort börn séu á heimilinu, en það komi þó fyrir að það sé ekki gert. Sömuleiðis ber þeim að athuga hvort barn hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og hvort ástæða sé til þess að koma því undir læknishendur.

Það er eitt af því erfiðara sem lögreglan lendir í. Þetta er alltaf mat, svo framarlega sem það er greinilegt að barninu blæðir, eða er með einhverja áverka, eða fötin eru tætt, eða því um líkt (yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglu).

Þess er ekki krafist af lögregluþjónum að þeir ræði við börn á vettvangi, hvorki til að safna upplýsingum fyrir lögregluskýrslur né til að kanna líðan þeirra, nema ef barn hefur sjálft orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Áhersla er lögð á það innan lögreglunnar að börn eigi ekki að þurfa að bera vitni gegn foreldrum sínum, öðrum ættingjum eða nákomnum aðilum, sbr. undanþáguákvæði frá vitnaskyldu (50. gr.) í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

9 Samkvæmt landlækni hefur vinna hafist við gerð klínískra leiðbeininga fyrir heilbrigðisstarfsfólk um meðferð mála er tengjast kynbundnu ofbeldi.

10 Þetta er í samræmi við svör viðmælenda í áðurnefndum rannsóknum sem gerðar voru fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið (sjá Anni Haugen, 2009; Ingólfur V. Gíslason, 2010).



...þau [börn sem eru vitni að ofbeldisatvikum á heimilum sínum] verða alltaf svolítið útundan. Bæði það að þau þurfa raunar ekkert að svara fyrir það atvik sem kemur til lögreglu, því um er að ræða kannski foreldra, eða systkini. Þannig að þau eru alltaf í þeirri réttarstöðu að þurfa ekki að greina frá (yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglu).

Lögregluþjónar, sem sinna útköllum, tilheyra almennri deild og hafa ekki hlotið neina þjálfun í því að vinna með börnum. Litið er á það sem skilgreint hlutverk barnaverndar að sinna börnum, hvort heldur er til að huga að líðan þeirra eða koma þeim í öruggar aðstæður, þ.e. í þeim tilvikum þar sem fjarlægja þarf börn af heimilum sínum og þau geta ekki fylgt móður sinni. Í flestum tilvikum, þar sem börn og mæður yfirgefa heimilið, ræður móðirin hvert ferðinni er heitið, en að sögn viðmælanda taka lögreglumenn þó tillit til þess ef barn sem er eldra en 10 ára óskar eftir því að fara annað, t.d. til ömmu sinnar og afa eða til eldri systkina, sem eru með eigið húsnæði.

Samkvæmt nýlegri skýrslu sem kom út á vegum Ríkislögreglustjóra og fjallar um útköll lögreglu vegna heimilisofbeldis á árunum 2006 og 2007, fóru barnaverndarstarfsmenn í útköll með lögreglu í 1% tilvika (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010).

Lögreglan hefur tekið þá ákvörðun að tilkynna til barnaverndar um öll mál þar sem börn koma við sögu. Ekki er þó um eiginlegar barnaverndartilkynningar að ræða heldur eru afrit af lögregluskýrslum og dagbókarfærslum lögreglumanna um aðstæður á vettvangi sendar til barnaverndar með ábyrgðarpósti. Áður var sérstakur starfsmaður hjá forvarnadeild lögreglunnar, sem sat fundi með Barnavernd Reykjavíkur og kom málum frá lögreglu til barnaverndar. Fyrir um tveimur árum, var þessari deild lögreglunnar lokað í sparnaðarskyni. Frá þeim tíma virðast ekki hafa verið regluleg samskipti á milli lögreglu og barnaverndar.

4.3.2 Kvænnaathvarfið

Í viðtali við framkvæmdastýru Kvænnaathvarfsins kom fram að konur koma gjarnan í fylgd lögreglu í athvarfið. Það er þó ekki meirihluti kvænna sem gerir það heldur koma margar í gegnum félagsþjónustu eftir ábendingu félagsráðgjafa eða þeim er vísað af geðdeild Landspítalans eða öðrum stöðum í heilbrigðiskerfinu. Auk þess fá konur ábendingar frá ættingjum, vinum eða vinnuveitendum. Algengt er að börn komi og dvelji í athvarfinu með mæðrum sínum. Oft á tíðum er þá um ung börn að ræða. Starfskonur reyna að auðvelda börnum dvölinu í athvarfinu. Fyrir nokkrum árum var sérstakur barnastarfsmaður, sem aðstoðaði við almenna umönnun barna sem dvöldu í athvarfinu og veitti þeim stuðning, en sú staða var skorin niður í sparnaðarskyni. Að sögn viðmælanda taka starfskonur börn stundum í viðtöl, ef mæður samþykkja, en það er þó fremur sjaldgæft.

Samkvæmt viðmælanda frá Kvænnaathvarfinu, er það stefna athvarfsins að ræða opinskátt um ofbeldi á heimilum. Starfskonur hvetja mæður til slíkrar umræðu við börn sín. Flestar mæður virðast þó telja að þeim hafi tekist að halda börnum sínum fyrir utan ofbeldið.

Ofbeldi er ekki lengur leyndarmál þegar hingað er komið og það vita allir að hér býr enginn nema vegna ofbeldis. Þannig að við setjum ákveðnar reglur um að við viljum ekki að mæðurnar ræði ofbeldið yfir matarborðinu eða hér og þar, en grípum hins vegar boltann þegar börnin vilja ræða það [...] sem þau gera gjarnan. Þau spyrja t.d. „lemur pabbi þinn þig?“ eða hvort við eigum menn og „er hann vondur við þig?“ (framkvæmdastýra Kvænnaathvarfsins).

Kvænnaathvarfið tilkynnir til barnaverndar um mál er varða börn, sem búa við ofbeldi gegn móður. Þær líta svo á að þar með hafi skyldunni um stuðning við börn verið framfylgt. Samkvæmt viðmælanda, hefur athvarfið engin önnur úrræði fyrir börnin. Miklar vonir voru bundnar við nýtt

hópmeðferðarúræði á vegum Barnaverndarstofu. Kvennaathvarfinu var veitt sérstök heimild til að vísa börnum beint í úrræðið, án milligöngu barnaverndarnefnda. Það fyrirkomulag hefur hins vegar ekki virkað sem skyldi og hefur athvarfið aðeins getað vísað nokkrum börnum í meðferðina.

Aðal þjónustan sem við sjáum að þessar fjölskyldur fá eru hin almenna félagsþjónusta í sambandi við húsnæði eða fjárhagsaðstoð, eða þess háttar. Við sjáum svo sem ekki mikið þar fyrir utan. Það er náttúrulega til þetta úrræði fyrir börn sem þjuggu við ofbeldi, sem Barnaverndastofa setti á laggirnar, sem er rosalega flott, en hefur svo sem ekki nýst mörgum börnum hingað til (framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins).

Aðeins börn sem tala íslensku, eru eldri en fimm ára og búa ekki lengur á heimilum, þar sem ofbeldi á sér stað, fá inngöngu í meðferðarúræðið. Að sögn viðmælanda uppfylla fæst börn sem dvelja í athvarfinu öll þessi skilyrði.

Samkvæmt tölum úr athvarfinu fer um helmingur kvenna aftur heim í sömu aðstæður að dvöl lokinni. Viðmælandi telur ekki líklegra að konur reyni að yfirgefa ofbeldismenn, barnanna vegna, frekar geti hið gagnstæða átt við.

Við sjáum ekkert síður að konur með börn fari aftur heim heldur en barnlausu konurnar. Börnin eru þá ekki endilega fyrirstaða ... og jafnvel gefa sumar þær skýringar að þær fari heim aftur til ofbeldismanna af því að þær geti ekki boðið börnunum mannsæmandi líf án fjárhagslegs öryggis sem þau hafa heima... bíllinn og Playstation tölvan o.s.frv. (framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins).

4.3.3 Félagsþjónusta/sérfræðiþjónusta grunn- og leikskóla

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins, þar sem rætt var við fagaðila á nokkrum þjónustumiðstöðvum borgarinnar (sjá Anni Haugen, 2009) virðist lítil áhersla vera lögð á það innan félagsþjónustunnar að ræða við börn sem búa við eða hafa búið á heimilum, þar sem ofbeldi er á milli foreldra. Ekki er tryggt að börnunum sé boðinn stuðningur. Ef slíkt stendur til boða, er um almenn úrræði að ræða, svo sem uppeldisráðgjöf til foreldra. Einn félagsráðgjafanna, sem rætt var við í ofangreindri rannsókn, nefndi möguleika á því að bjóða barni nokkur viðtöl hjá skólasálfræðingi á þjónustumiðstöðinni eða viðtöl hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingi. Að sögn deildarstjóra sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla, sem rætt var við í þessari rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, hafa þeir ekki móttekið slíkar beiðnir. Þeir sögðust þó hafa heyrt um einstaka mál þar sem börn höfðu verið vitni að heimilisofbeldi, en vissu ekki fyllilega hver viðbrögð félagsþjónustunnar voru. Þeir töldu þó líklegt að tilkynnt hefði verið um þau til barnaverndar.

...en það er í rauninni alltaf held ég þegar er ofbeldi ... sérstaklega þegar það er ofbeldi gagnvart börnum ... þá tilkynnum við það til barnaverndar (deildarstjóri sérfræðiþjónustu)

Að sögn viðmælanda hjá sérfræðiþjónustunni, eru viðtölin hjá sálfræðingum á þjónustumiðstöðvunum ekki hugsuð sem meðferðarviðtöl, heldur sem almennur stuðningur og ráðgjöf. Þeir benda enn fremur á að samkvæmt lögum er sérfræðiþjónustan alfarið bundin við skólana og því geta foreldrar í rauninni ekki óskað eftir aðstoð fyrir börnin sín, nema fyrir tilstilli kennara eða starfsfólks skóla.¹¹

11 Að sögn eins viðmælanda hjá sérfræðiþjónustunni reynir starfsfólk þjónustumiðstöðva þó oft að sveigja lögin til að þjónusta foreldra sem óska sjálfir eftir stuðningi fyrir börnin sín.



...það var gerður við okkur sérstakur þjónustusamningur á sínum tíma og þar er talað um að við eigum að sinna greiningu og eftirfylgd, en ekki meðferð... ekki nema þá skammtímameðferð [4-6 viðtöl]. En við höfum ekki mannafla til þess að sinna meðferð og það er ekki það sem menntasvið hefur lagt áherslu á, heldur fyrst og fremst að við séum að sinna greiningum og ráðgjöf (deildarstjóri sérfræðiþjónustu).

Það virðist síðan misjafnt á milli þjónustumiðstöðva hve mikil áhersla er lögð á að veita börnunum sjálfum viðtöl.

Nei, við erum meira að ræða við foreldrana. Við tölum við unglinga, en förum ekki mikið neðar, því uppeldið...eða þjónustan, hún kemur í gegnum foreldrana. Það eru þeir sem setja línurnar (deildarstjóri sérfræðiþjónustu).

Einn sálfræðinganna benti á að stefnan hjá skólasálfræðingum á þjónustumiðstöðvunum sé í raun að vísa krefjandi málum annað um leið og í ljós kemur að mál barns er of flókið til að hægt sé að leysa það á þjónustumiðstöðinni, t.d. ef barnið er haldið miklum kvíða eða ef saga er um áföll í lífi barns. Barnið getur þá þurft á sérhæfðari meðferð að halda. Að sögn viðmælenda eru það oftast félagsráðgjafar hjá félagsþjónustunni sem sjá um að veita foreldrum upplýsingar um þau félagslegu úrræði sem standa til boða fyrir börn, utan þjónustumiðstöðvarinnar. Það er síðan foreldranna að ákveða hvaða úrræði þeim þykir viðeigandi fyrir börnin og sömuleiðis hvort þeir hafi efni á slíkri þjónustu.¹²

...það er bara ákveðið gjald sem er greitt fyrir hvern tíma [sálfræðiviðtal] sem viðkomandi fær þá ... og nú náttúrulega eru sálfræðingar misdýrir (deildarstjóri sérfræðiþjónustu).

¹² Það ber að minna á það hér að í niðurstöðum rannsóknar á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins leita margar mæður, sem orðið hafa fyrir ofbeldi af hálfu maka, aðstoðar hjá félagsþjónustunni vegna fjárhagserfiðleika (sjá í Anni G. Haugen, 2009).

4.3.4 Héraðsdómur Reykjavíkur

Að sögn viðmælenda hjá Héraðsdómi Reykjavíkur er allur stuðningur til barna á ábyrgð barnaverndar eða félagsþjónustu. Ekki virðist vera gert ráð fyrir því að dómarar og aðrir starfsmenn Héraðsdóms óski eftir eða fái sjálfkrafa upplýsingar um það hvort búið sé að tilkynna til barnaverndar um aðstæður barna, sem tengjast tilteknum dómsmálum, svo sem í málum þar sem fjallað er um ofbeldi gegn móður eða í erfiðum forsjár- og umgengnismálum. Í sumum þeirra mála má búast við að komi fram upplýsingar, sem gefa til kynna að barn þarfnist stuðnings eða formlegrar íhlutunar. Svör viðmælenda hjá Héraðsdómi gefa til kynna að dómarar geri gjarnan ráð fyrir því að málið sé þegar, eða hafi verið, í vinnslu hjá barnavernd eða öðrum aðilum, þegar það kemur til dómstóla.

Við [dómstólar] erum að fá þetta á einhverjum síðari stigum [...] við vitum ekkert um þetta fyrir en þetta verður að einhvers konar máli hér, vegna ofbeldis, sem er þá löngu seinna. Þá er málið búið að fara í gegnum lögreglu ... frá barnavernd og til lögreglu ...og síðan er ákært í því og það kemur hér fyrir dómstóla (héraðsdómari).

...oftast er það þannig að það er barnaverndin sem veit þetta á undan dómnum. Málið kemur eiginlega ekkert fyrir dóminn fyrir en er búið að vera eitthvað þannig í gangi áður (héraðsdómari).

Lögum samkvæmt eru dómarar skyldugir til að tilkynna til barnaverndar ef þeir telja að barn búi við óviðunandi aðstæður, en óljóst er hversu oft þeir gera það.

...en samt. Ég man eftir því að það hefur stundum komið upp. Það hefur þurft að velta því fyrir sér hvort væri rétt að láta barnaverndina vita (héraðsdómari).

Innan Héraðsdóms Reykjavíkur, þykir ekki ráðlegt að setja börn í þá aðstöðu að þurfa að bera vitni gegn foreldrum sínum, hvorki í sakamálum né öðrum málum. Börn geta samkvæmt lögum neitað að bera vitni gegn ættingjum og öðrum nákomnum aðilum. Dómurum er skylt að tilkynna börnum og foreldrum um þessi ákvæði laganna. Að sögn viðmælanda, er afstaða barna hins vegar ávallt könnuð þegar um forsjármál er að ræða, en þá fá þau tækifæri til að tjá sig um það hjá hvoru foreldrinu þau vilja búa. Í slíkum málum er algengt að sérfróðir meðdómsmenn, t.d. sálfræðingar, séu kallaðir til og beðnir um að ræða við börnin. Þetta virðist hins vegar ekki eiga við um sakamál (heimilisofbeldismál). Aðkoma barna í slíkum málum er engin af fyrrgreindum ástæðum.

Þetta er sennilega eitthvað grátt svæði hjá okkur. Sem sagt, óplægður akur hvernig þessi mál skuli fara (héraðsdómari).

4.3.5 Áfallamiðstöð LSH

Á áfallamiðstöð Landspítala háskólasjúkrahúss starfa einn sálfræðingur og þrjár hjúkrunarfræðingar. Hvert þeirra sinnir ákveðnum málaflokkum, samkvæmt tilvísunum frá slysa- og bráðamóttöku. Markmið áfallamiðstöðvarinnar er fyrst og fremst að veita þolendum ofbeldis eða slysa fræðslu og stuðning til skemmri tíma. Að sögn viðmælanda, þiggur um helmingur kvenna, sem leita á bráðamóttöku vegna ofbeldis af hálfu maka, viðtal hjá áfallamiðstöðinni, en stundum er einnig um símtal að ræða, t.d. þegar kona treystir sér ekki til að koma í viðtal. Í viðtölunum er konunum gefið tækifæri á því að ræða um ofbeldið, auk þess sem hugað er að því hversu gott stuðningsnet þær hafa til að takast á við afleiðingar ofbeldisins. Að sögn viðmælanda, eru konur sem koma á slysa- og bráðamóttöku vegna heimilisofbeldis ávallt spurðar hvort börn séu á heimilinu og tilkynnt um það til barnaverndar, ef svo er. Hluti af viðtölunum á

áfallamiðstöðinni fer þá í að fræða konurnar um afleiðingar ofbeldisins á börnin og að þau séu einnig þolendur.

...þá í raun og veru er stundum að renna upp fyrir þeim [mæðrunum] að „auðvitað er barnið mitt kannski svona óþekkt eða sýnir þessa hegðun, eða er svona rosalega þægt, af því það er búið að ganga svo mikið á“. Þannig að þetta er oft mikið sjokk að fara í gegnum ... það að viðurkenna að ofbeldið hafi litað sambúðina og samskiptin, kannski til langs tíma (deildarstjóri áfallamiðstöðvar LSH).

Viðmælandi leggur ekki síður áherslu á það að tilgangur fræðslunnar sé að draga úr vanlíðan hjá mæðrunum.

Þannig að það er fræðslan sem skiptir heilmiklu máli og líka að móðirin sé ekki að þróa með sér sektarkennd eða skömm gagnvart börnunum sínum, af því þetta er náttúrulega ofbeldi sem að manneskjan á ekki að bera ábyrgð á (deildarstjóri áfallamiðstöðvar LSH).

Enginn af starfsmönnum áfallamiðstöðvarinnar er sérhæfður í að vinna með börnum, en að sögn viðmælanda er möguleiki á því að veita börnum nokkur viðtöl, ef þess er óskað, sérstaklega ef barnið hefur sjálft orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Markmið viðtalanna er þá helst að kanna líðan barnsins, sérstaklega með það að leiðarljósi hvort hætta sé á því að það þrói með sér einkenni áfallastreituröskunar. Málinu er síðan fljótlega vísað til viðeigandi meðferðaraðila.

Viðmælandi segist líta á það sem skilgreint hlutverk barnaverndar að sinna þessum málum og tilkynnir því um mál af þessum toga til barnaverndarnefndar. Hann bætir við að ástæður tilkynningar séu ávallt útskýrðar fyrir móðurinni og hún hvött til þess að líta á tilkynninguna sem ósk um stuðning til að styrkja hana í uppeldishlutverki sínu.



Margar [mæðurnar] óttast að nú eigi að fara af stað ferli sem eigi að stimpla þær óhæfar mæður eða þeim finnst þetta til höfuðs sér. Þannig að það þarf virkilega að útskýra það fyrir þeim að hluti barnaverndarlaga sé það að styrkja uppeldishlutverkið og hjálpa manneskjunni að komast út úr þessum vítahring [...]. Oft eru manneskjur orðnar svo bjargarlausar líka, þannig að þær þurfa einhverja stýringu og að hjálpa þeim að nýta sér þau bjargráð sem til eru (deildarstjóri áfallamiðstöðvar LSH).

4.3.6 Barna- og unglingsgeðdeild

Viðmælendur minnst þess ekki að upp hafi komið mál þar sem barn hefur verið vitni að ofbeldi gegn móður og átt við afleiðingar að stríða vegna þess. Yfirlæknir útilokar þó ekki að upplýsingar af þessu tagi hafi einhvern tímann komið upp við vinnslu mála á deildinni, hvort sem er á göngu- eða innlagnardeild. Viðmælendur telja líklegt að tilkynnt væri um mál af þessum toga til barnaverndar og líta svo á að tilkynning til barnaverndar sé liður í því að tryggja fjölskyldum nauðsynlega aðstoð, umfram þá þjónustu sem BUGL veitir. Lögð er mikil áhersla á að tilkynningin sé gerð í samvinnu við foreldra eða a.m.k. með vitneskju þeirra.

Þá kemur upp þessi spurning um hvort yrði farið í tilkynningarferlið og það er náttúrulega mjög viðkvæmt mál. Það þarf að vega og meta, myndi þetta hafa áhrif á meðferðarsambandið og kannski er hættu á því að barnið dytti út [úr meðferð á deildinni]. Þannig að það þarf að stíga mjög varlega til jarðar. Þetta er kannski ekki endilega það fyrsta sem er gert, en ég held að við séum mjög meðvituð um að þetta [að barn býr á heimili þar sem ofbeldi er gegn móður] er í sjálfu sér tilkynningarskylt og við myndum gera það ... og fyrir opnum tjöldum (yfirlæknir BUGL).

Fram kemur að BUGL hefur ekki fengið neinar tilvísanir frá barnavernd vegna barna sem hafa verið vitni að heimilisofbeldi. Barnaverndarstofa getur vísað málum til deildarinnar í nánari úrvinnslu samkvæmt þjónustusamningi sem stofnanirnar hafa sín á milli. Tilvísunin er þá á grundvelli mats á geðrænum erfiðleikum en úrræðin á BUGL miðast aðallega við tiltekna flokka geðraskana, svo sem þunglyndi eða kvíðaraskanir.

Skimun gagnvart kynbundnu ofbeldi

Undanfarið hefur verið nokkur umræða um það hvort hefja eigi skimun (e. *screening*), eða kembileit, á mismunandi stofnunum þar sem konur leita þjónustu, t.d. hjá félagsþjónustu og á tilteknum stöðum innan heilbrigðiskerfisins. Konur eru þá spurðar hvort þær verði fyrir ofbeldi af hálfu maka. Lítil umræða virðist hins vegar eiga sér stað um það hvort taka eigi upp svipuð vinnubrögð í tengslum við börn og unglunga, þ.e. að spyrja þau kerfisbundið hvort ofbeldi sé á milli foreldra á heimilinu við skimun og greiningu á geðrænum vanda. Samkvæmt svörum viðmælenda í þessari rannsókn (félagsþjónusta og BUGL), virðast börn og unglungar almennt ekki vera spurð slíkra spurninga. Þetta getur verið ein af skýringunum á því hvers vegna svo fá mál, þar sem börn eru vitni að ofbeldi gegn móður, koma upp á yfirborðið á Íslandi og svo fáar tilkynningar af þessum toga berast til barnaverndar, frá öðrum aðilum en lögreglu.

Stundum er talað um að ADHD [athyglisbrestur með eða án ofvirkni] sé ofgreint og það er m.a. vegna þess kannski að ADHD er svo þekkt og það eru tiltölulega skýrar greiningaraðferðir og góð kannski meðferð líka ... og þess vegna hefur fagfólk meiri tilhneigingu til að fókusera meira á það heldur en t.d. á að greina áfallastreituröskun [...] og ég held að það sé pínulítið forðun hjá okkur fagfólkinu [...] þá erum við ekki með fókusinn nógu mikið á þessu. Þess vegna erum við kannski oft að missa af hlutum.

Samantekt

Svör flestra viðmælenda gefa til kynna að tilkynna eigi um mál af þessum toga til barnaverndar og vísa til þess að um óviðunandi uppeldisaðstæður sé að ræða, sbr. ákvæði barnaverndarlaga. Hins vegar eru fáar tilkynningar, sem berast til barnaverndar um

Á einni þjónustumiðstöðinni kom fram að nýlega var nokkrum spurningum um ofbeldi milli foreldra bætt við í tiltekinn viðtalsramma sem sálfræðingarnir nota í viðtölum við börn og unglunga. Að sögn viðmælenda er þó ekki stuðst við þennan viðtalsramma fyrr en á síðari stigum mála.

Í rauninni er ekki spurt um ofbeldi fyrr en að í mikla vinnslu er hingað komið. Þegar búið er að skima fyrir vanköntum hjá börnunum ... tilfinningavanda, einbeitingarvanda, ofvirkni o.s.frv. [...] Þannig að það er búið að vera að snerta á ofsalega mörgu og reyna ákveðna hluti og ég get alveg ímyndað mér að það séu fjölskyldur sem ekkert gengur með, sama hvað er reynt og hver ástæðan er. Getur þá verið eitthvað allt annað en ADHD.

Deildarstjórar sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla sjá nauðsyn þess að koma inn aðferðum til að skima fyrir ofbeldi á heimilum fyrr í ferlum skólasálfræðinganna og sömuleiðis að skima fyrir einkennum áfallastreituröskunar hjá börnum sem búa við erfiðar aðstæður, svo hægt sé að vísa þeim í viðeigandi úrræði.

Það væri ágætt að hafa svona lista [spurningalista] þar sem að maður kemur inn á ýmis atriði, því að jafnvel þó að börn neiti því [spurningum um ofbeldi á heimilinu] eða kannist ekki við það [ofbeldi á heimilinu] þá vita þau þá allavega að viðkomandi [starfsmaður] getur rætt svona hluti [...] Það opnar kannski glufur sem menn nota jafnvel seinna.

Þessi mál, frá öðrum aðilum en lögreglu. Á því geta verið margar skýringar, en ekki er hægt að fara ofan í saumana á þeim hér. Ein líkleg skýring er þó að starfsfólk stofnana spyr sjaldan konur og börn hvort þær verði fyrir ofbeldi af höndum maka á heimilum sínum (sjá umfjöllun hér að ofan).



4.3.7 Barnavernd

Árið 2009 tók Barnavernd Reykjavíkur að skrá tilkynningar um að börn búi á heimilum þar sem ofbeldi milli foreldra á sér stað í sérstakan undirflokk til að aðgreina tilkynningarnar frá öðrum gerðum tilkynninga. Áður voru mál af þessum toga flokkuð í yfirflokkinn *Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi*, sem tekur til allra tegunda andlegs ofbeldis.¹³ Samkvæmt framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur, kemur yfirgnæfandi meirihluti tilkynninga um að barn búi á heimili, þar sem ofbeldi er á milli foreldra, frá lögreglu (yfir 90% tilvika). Þar fyrir utan eru flestar tilkynningar frá slysa- og bráðamóttöku. Aðallega er um að ræða tilkynningar um átök á heimilum eða við heimili barna.

Oftast er þetta vegna karlmannsins, þó ekki alltaf. Stundum lýsir þetta bókstaflega slagsmálum hjóna, sem eru þá bæði undir áhrifum, til dæmis. En svona algengast er að það sé móðir að verða fyrir áreiti, ofbeldi, hótunum, fyrrum eða núverandi sambýlismanns, eða föður barnanna ... eða fólk er í skilnaðarferli (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Engin nákvæm greining hefur verið gerð á því hve margar tilkynninganna leiða til viðbragða af hálfu Barnaverndar Reykjavíkur, né um hvaða íhlutanir er þá að ræða. Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur áætla að um þriðjungur tilkynninga leiði til könnunar máls þar sem tekin er ákvörðun um hvort þörf er á frekari viðbrögðum eða stuðningi frá barnavernd. Þá er rætt við foreldri og barn, aðstæður á heimili eru skoðaðar, auk þess sem óskað er eftir upplýsingum frá skóla. Í öðrum tilvikum er málum annað hvort lokað með bréfi, sem sent er til þess foreldris sem varð fyrir ofbeldinu (oftast móðirin), þar sem greint er frá því

að lögregluskýrsla hafi borist um málið og helstu staðir eru tilgreindir þar sem móðir getur leitað aðstoðar, t.d. Kvennaathvarfið og þjónustumiðstöð hverfisins sem fjölskyldan býr í. Engin eftirfylgd er þá með málinu af hálfu barnaverndar og móðirin tekur sjálf ákvörðun um hvort hún leiti þjónustu fyrir sjálfa sig eða börnin sín. Einnig getur móður verið boðið svokallað „greinandi viðtal“.

Í því viðtali reynir maður að heyra hvernig líðan hennar og barnanna er og hvernig er verið að bregðast við og hvernig staðan er ... og út frá því er reynt að meta hvort við [barnavernd] þurfum að vera inni í málinu (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Þá er ekki um eiginlega könnun máls að ræða heldur er tilgangur viðtalsins að fræðast frekar um aðstæður fjölskyldu og barns, auk þess sem móður er veitt ráðgjöf um það hvert hún getur snúið sér. Þegar viðtöl af þessu tagi eru veitt er oftast um konu af erlendum uppruna að ræða. Ekki er rætt við barnið nema í undantekningartilvikum.

Við höfum aðeins ríkari skyldur til þess að leiðbeina því [fólki af erlendum uppruna] hvert það getur snúið sér í kerfinu ... og við reynum að gera það (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Viðmælandi leggur áherslu á að könnun máls og íhlutun barnaverndar skuli ekki vera umfangsmeiri en tilkynning gefur tilefni til.

Þessi grundvallarregla barnaverndarlaganna, að svona kannanir og íhlutun barnaverndar-yfirvalda skuli ekki vera meiri en tilefni stendur til, ég held að það sé dálítið gullvæg regla (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Að sögn viðmælanda eru lögregluskýrslur sem berast til barnaverndar misýtarlegar. Meta þarf hverja tilkynningu sem berst út frá innihaldi hennar. Sumar skýrslur eru mjög ýtarlegar og innihalda greinargóðar lýsingar á aðstæðum, en aðrar ekki.

13 Samkvæmt viðmælanda hjá Barnavernd Reykjavíkur er þessi skráning ekki fyllilega virk hjá nefndunum og því ber að taka tölum um fjölda tilkynninga um börn sem eru vitni að heimilisofbeldi með fyrirvara. Af því leiðir að tölfræðilegar upplýsingar eru ekki birtar hér.

Lögregluskýrslurnar eru mjög mismunandi. Þær geta t.d. verið allt frá því að vera tvær línur þar sem ekki er getið um það hvort barn var á staðnum [...] Þá finnst okkur við voða lítið geta gert (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Innan Barnaverndar Reykjavíkur er lítið svo á að fyrst og fremst beri að bregðast við tilkynningunum í þeim tilvikum þegar um alvarlegar líkamsmeiðingar eða hótanir er að ræða eða ef endurteknar tilkynningar berast og fólk virðist vera ófært um að leita sér aðstoðar. Viðmælandi leggur áherslu á að ekki þurfi alltaf opinber inngríp í líf fólks, þegar það á við tímabundna erfiðleika að stríða og að til byrja með sé best að ætla að fólk sé sjálft fært um að leita sér aðstoðar. Sömuleiðis geldur viðmælandi varhug við því að mál kvenna, sem hafa verið beittar ofbeldi af höndum maka, þurfi að verða að barnaverndarmálum.

Kona sem er að reyna að byggja sig upp og ná undir sig fótunum eftir langvarandi kúgun og ofbeldi ... að málið hennar þurfi að vera barnaverndarmál og lúta barnaverndarlögum þegar hún er tilbúin og vill og ætlar að koma undir sér fótunum og leita hjálpar fyrir börnin sín ... ég bið fólk að hugsa það svolítið (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Að sögn viðmælanda væri óskandi að hægt væri að bregðast við öllum tilkynningum af þessum toga, með viðtali við mæður og börn þar sem vandinn væri greindur nánar og fólk vísað áfram í viðeigandi þjónustu, en eins og sakir standa er ekki kostur á því sökum skorts á mannafla.

Í þeim málum sem við erum að ljúka hér með bréfi þá væri rosalega flott að geta bent á sérstakt úrræði ætlað börnum ... af því að maður er að benda á sérstakt úrræði ætlað konunum sjálfum, þá væri mjög flott að geta sagt að það sé einhver miðstöð eða eitthvað sem fólk getur leitað til [...] En mér finnst nú að hvert sveitarfélag, eða þá ríkið í samvinnu við sveitarfélögin ... að það eigi að vera til svona staður sem að fólk getur leitað og börnin geta fengið einhverja þjónustu, án þess að

það þurfi að vera liður í meðferðaráætlun barnaverndarnefndar á viðkomandi svæði (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

4.3.7.1 Úrræði á vegum Barnaverndarstofu

Viðmælandi frá Barnaverndarstofu skýrði frá tildrögum hópmeðferðarinnar fyrir börn, sem orðið hafa fyrir líkamlegu ofbeldi og/eða verið vitni að ofbeldi gegn foreldri sínu, en það hefur verið starfrækt á vegum Barnaverndarstofu í tæpt ár. Hann nefndi sérstaklega tiltekið barnaverndarmál þar sem um var að ræða gróft ofbeldi gegn börnum, þar sem m.a. var kastað hnífi í börnin og greindi frá því hve erfiðlega gekk að útvega börnunum viðeigandi stuðning.

Þar tók þetta held ég fimm eða sex mánuði að koma börnunum í viðeigandi meðferð inn á Barna- og unglingsgeðdeild. Það svona færði mann náttúrulega heim sanninn um hvað þetta var í rauninni alvarleg staða gagnvart þessum hópi [börn sem orðið hafa fyrir líkamlegu ofbeldi]. Hefði þetta verið kynferðisofbeldi þá hefðu þau verið komin degi síðar í Barnahús ... og meðferðin hafist í sömu viku og málið uppgötvaðist. En þarna tók þetta fleiri mánuði og í þann leka verðum við að setja (forstjóri Barnaverndarstofu).

Að sögn viðmælanda, voru áform um það á sínum tíma að Barnahús myndi ekki aðeins sinna börnum, sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi heldur einnig líkamlegu ofbeldi, en af ákveðnum ástæðum var horfið frá því. Hann segir þetta hafi verið aftur í umræðunni undanfarin ár og til hafi staðið að taka þessi mál inn í Barnahús. Viðmælandi vísaði einnig í nýlegar erlendar rannsóknir, frá Bretlandi og Svíþjóð, sem lýsa bágri stöðu barna sem hafa verið vitni að kynbundnu ofbeldi á heimili.

...og það leiddi mig til vangavelta um þessar kringumstæður hér á Íslandi [...] og sérstaklega kom mér á óvart hversu mikið út á jaðrinum börnin eru í þessu dæmi öllu saman... að þeirra upplifun og sjónarmið koma, að hér virðist, ekki til álita [...] Varðandi börn sem eru vitni að



Tilraunarverkefni Barnaverndarstofu: Áfallamiðuð sálfræðimeðferð fyrir börn

Samkvæmt ársskýrslu Barnaverndarstofu 2008-2009 beita barnaverndarnefndir oftast úrræðum sem felast í því að veita foreldrum og börnum leiðbeiningu, eða að barni og fjölskyldu er skipaður tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskylda (Barnaverndarstofa, 2009). Barnaverndarstofa hefur hins vegar ekki haft nein sérhæfð úrræði á sínum snærum fyrir börn sem hafa orðið fyrir líkamlegu eða andlegu ofbeldi.

Barnaverndarstofa gerði nýlega þjónustusamning við sjálfstætt rekna sálfræðistofu um hópmeðferð fyrir börn, sem hafa búið við líkamlegt ofbeldi og/ eða verið vitni að heimilisofbeldi. Um er að ræða tilraunarverkefni til eins árs. Barnaverndarnefndir vísa í úrræðið, í gegnum Barnaverndarstofu, auk þess sem Kvennaathvarfið og verkefnið *Karlar til ábyrgðar* hafa vísað börnum í það. Forsendur þess að hægt sé að skrá barn í meðferðina er að barnið sé eldra en fimm ára og búi á heimili þar sem

ofbeldi á sér ekki lengur stað, auk þess að það tali íslensku.¹⁴

Meðferðin byggir á norski fyrirmynd¹⁵ þar sem börnum er veitt ákveðin tegund sálfræðimeðferðar sem kallast áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð (*Trauma-focused cognitive behavioral therapy; TF-CBT*). Meðferðin gengur m.a. út á fræðslu (*psychoeducation*), þar sem börnunum er hjálpað að þekkja helstu tilfinningar, svo sem reiði og kvíða og að átta sig á hugsunum og líkamsviðbrögðum sem tengjast tilfinningunum. Auk þess ræða börnin um áföllin sem þau hafa orðið fyrir og læra aðferðir sem þau geta notað til þess að glíma við afleiðingarnar (t.d. martraðir eða endurupplifanir á skelfilegum atburðum). Tveir mismunandi aldurshópar eru starfræktir, unglingshópur og barnahópur, en í hverjum hópi eru að hámarki sex einstaklingar. Hóparnir hittast í 10 skipti.

14 Þetta hefur valdið nokkrum vonbrigðum hjá sumum viðmælendum þar sem þeir álíta að mörg barnanna, sem eiga í vanda, uppfylli ekki þessi skilyrði og fá því ekki þann stuðning sem þau þarfnast.

15 Sjá vefsíðu *Alternativ til Vold* - www.atv-stiftelsen.no

heimilisofbeldi, þar held ég að tölurnar okkar séu ekki neitt í hlutfalli við það sem er að gerast í veruleikanum. Ég held það sé miklu algengara en við gerum okkur grein fyrir (forstjóri Barnaverndarstofu)

Samkvæmt viðmælanda, óskaði hann í nóvember 2010 eftir því að starfshópur yrði settur upp með aðilum frá barnavernd og lögreglu til að kanna hvernig færa megi þessi mál til betri vega. Í fyrsta lagi, er markmið hópsins að smíða verklagsreglur sem taka fortakslaut af tvímæli um það að nefndunum beri að fara á vettvang, þegar um aðstæður sem þessar er að ræða. Í öðru lagi, að það skuli ófrávíkjanlega vera rætt við börnin og ástand þeirra kannað með beinum hætti.

Það hefur líka verið mér ofarlega í huga hvernig við erum í stakk búin að bregðast við ef það kemur nú í ljós að sem að tilfinningin kannski er ... að börn þurfi jafnvel á aðstoð að halda beint í kjölfarið á íhlutun af þessu tagi [íhlutun lögreglu]. Þá þarf að vera aðgengilegt tilboð til þess að veita einskonar áfallameðferð í beinu framhaldi og þá dugur ekki að vísa í þetta hópastarf [hópmeðferð fyrir börn sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi/vitni að heimilisofbeldi] af ýmsum ástæðum. Bæði er ekki heppilegt að börn sem eru nýbúin að upplifa áfall af völdum heimilisofbeldis fari beint inn í slíkan hóp og í öðru lagi, þá er nú harla ólíklegt að því verði beinlínis viðkomið (forstjóri Barnaverndarstofu).

Að sögn viðmælanda, hefur hann ákveðið að kanna möguleika á því að setja upp bráðaþjónustu í tengslum við Barnahús, svo hægt sé að gera aðgengilega áfallameðferð fyrir börn í beinu framhaldi af lögregluútköllum. Þá hefur verið sett í gang athugun á viðbyggingu við Barnahús svo unnt sé að finna þessari nýju starfsemi rými.

4.4 Samvinna/samhæfing milli stofnana

Af svörum viðmælanda má ráða, að lítið er um samvinnu eða samhæfingu á milli stofnana þegar kemur að málum barna sem búa við kynbundið ofbeldi á heimilum sínum. Fá mál af þessu tagi koma inn á borð þeirra aðila sem hér var rætt við eða að þeir hafa helst unnið að málum barnanna á óbeinan hátt, svo sem með því að tilkynna til barnaverndar. Þar sem starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur fara sjaldnast í heimilisofbeldisútköll með lögreglu er lítill snertiflötur á milli þessara aðila, hvað þessi mál varðar. Reglulegir samráðsfundir voru með lögreglu og barnavernd þar sem sérstakur tengiliður innan lögreglu hélt utan um allar tilkynningar til barnaverndar. Forvarnadeild lögreglu var hins vegar lokað í sparnaðarskygni fyrir um tveimur árum og þá lagðist þetta fyrirkomulag af.

Margir viðmælanda tjáðu sig aftur á móti almennt um þá samvinnu, sem á sér stað við aðrar stofnanir og samtök og virtust nokkuð ánægðir með hana. Deildarstjórar sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla nefndu t.d. góða samvinnu við grunnskóla í hverfunum í kring, en sálfræðingarnir sitja reglulega fundi með nemendaverndarráðum, þar sem mál einstakra barna eru rædd. Landlæknir nefndi góða samvinnu milli heilsugæslustöðva og leikskóla. Sumir töluðu um að þeir ættu gott aðgengi að aðilum hjá tilteknum stofnunum og félögum, sem hægt væri að hafa samband við með stuttum fyrirvara, t.a.m. til þess að fá upplýsingar eða ráðleggingar.

Nokkrir voru þó ekki eins jákvæðir. Einum viðmælanda þótti miður hve ríka tilhneingingu margir fagaðilar hefðu til að „skilgreina mál frá sér“, þ.e. að koma ábyrgðinni yfir á aðra. Annar viðmælandi, hjá BUGL, tók í sama streng og fannst eins og sumir fundir milli fagaðila frá mismunandi stofnunum væru meira til þess gerðir að koma verkefnum yfir á aðra fremur en að stuðla að virku samstarfi.

Þekkingin er öll til staðar í dag og það er kannski það alvarlegasta, að þó að unglingur eða barn komist í hendurnar á fagfólki, þá er ekki þar með sagt að verði breyting á lífi þess ... þrátt fyrir að öll þekkingin sé til staðar, því að við [fagfólk] höfum náð undraverðum árangri að skilgreina frá okkur mál og erum orðin mjög góð í því. Það er bara *overload* alls staðar [...] og það eru ekki nema í allra allra grófustu og alvarlegustu málunum sem að er þökkalega tryggt að eitthvað gerist.

Þetta kemur mjög vel fram í máli eins deildarstjóra sérfræðiþjónustu skóla.

Þá er málið komið á þeirra [barnavernd] könnu í raun og veru, þegar þeir taka formlega við vinnslu málsins. Þannig að það er ekki verið að vinna á tveimur stöðum [barnavernd og félagsþjónustu], ekki nema í einstaka málum. En þá er reynt að hafa mjög góða samvinnu þar á milli.

Fram kom í máli nokkurra, að þeir myndu vilja sjá frekari þverfaglega samvinnu og bætt upplýsingaflæði, þegar kemur að málum kvenna og barna sem búa á heimilum þar sem kynbundið ofbeldi viðgengst. Viðmælandi hjá áfallamiðstöðinni benti á það hversu flókin mál kvennanna geta verið og hve brýnt það er að aðilar frá mismunandi stofnunum setjist niður og vinni saman að því að finna lausnir á vandamálum fjölskyldunnar.

Eins og við gerðum einu sinni, að kona var illa stödd og það var svo margt í hennar lífi og hún var með barn á framfæri. Við settumst niður, aðili frá félagsþjónustunni... og þá náttúrulega aðili frá barnavernd, sem var þá inni í málinu líka ... og



þá aðili frá þessari stofnun [áfallamiðstöðinni] ... og jafnvel hefur verið kallað þess vegna í aðila frá lögreglunni.

Fólk kemur hérna [á slysa- og bráðamóttöku og áfallamiðstöðina] í ástandi þar sem þau eru alveg gjörsamlega opin og við erum oft búin að fá heilmiklar upplýsingar, því fólk er í því ástandi sem það er þegar það kemur. Það kemur sér beint að kjarna málsins, bara á örfáum mínútum. Svo okkur finnst oft að við höfum meira til málanna að leggja en kemur kannski beint fram í tilkynningu [til barnaverndar] og erum að vona að verði kannski hringt í okkur til þess að fá upplýsingar... en það er aldrei hringt.

Mikilvægt er að taka fram eftirfarandi:

- Margir gengu út frá því að barnaverndarstarfsmenn fari með lögreglu í útköll vegna heimilisofbeldis. Þannig er því aðeins háttað í undantekningartilvikum.
- Margir vissu ekki að forvarnardeild lögreglu var lokað fyrir um tveimur árum.
- Enginn vissi af tilraunarverkefni Barnaverndarstofu (hópmeðferðin fyrir börnin) að undanskildum þeim sem hafa leyfi til þess að vísa í úrræðið (viðmælendur innan barnaverndar og hjá Kvænnaathvarfinu).

4.5 Viðhorf viðmælenda gagnvart löggjöf á Íslandi um heimilisofbeldi

Flestir voru á einu máli um að verulega bragarbót þyrfti að gera í tengslum við kynbundið ofbeldi og heimilisofbeldi almennt, til að verja þolendur og börn betur. Sumir ræddu um hve lengi málin hafi verið í umræðunni en þau séu þó smám saman að þokast í rétta átt. Nokkrir viðmælenda töldu í raun ekki þörf á því að breyta lagaákvæðum sem slíkum. Brynna væri að bæta úr allri málsmeðferð, þ.e. hvernig staðið er að brottvísun geranda af heimilinu og hvernig hægt er að tryggja

öryggi þeirra, sem eftir eru á heimilinu. Eins og málin eru í dag, hefur lögreglan afar takmörkuð úrræði. Ákvæði um nálgunarbann og brottvísun geranda af heimili hafa verið í íslenskum lögum um nokkurt skeið, en ekki virkað sem skyldi. Svipað ákvæði er í barnaverndarlögum (37. gr.) þar sem barnaverndarnefnd getur óskað þess að heimilismanni sé bannað að setja sig í samband við barn og að dvelja á heimili þess. Barnaverndarnefndir beita þessu ákvæði hins vegar sjaldan.¹⁶

Ég sé fyrir mér að það mætti verja þolendur ofbeldis betur með einhverjum hætti. Mér finnst fólk stundum dálítið óvarið. Ég myndi gjarnan vilja geta beitt ákvæði barnaverndarlaga um brottvikningu heimilismanns einhvern tímann. Það er eiginlega aldrei gert. Það er hægt að hóta því en einhvern veginn hefur það ekki verið framkvæmt. Auðvitað finnst mér að það væri eðlilegra að ofbeldismaður færi af heimilinu heldur en móðirin og börnin (framkvæmdastjóri Barnaverndar Rvk).

Ástæður, sem hafa verið nefndar fyrir því af hverju ákvæðum um nálgunarbann og brottvísun af heimili er sjaldan beitt á Íslandi, eru m.a. að dómaraþingin miklar kröfur um að sýnt sé fram á að bannsins sé þörf, auk þess sem langan tíma tekur að fá beiðnir af þessari gerð afgreiddar hjá dómstólum. Frumvarp liggur nú fyrir alþingi um auknar heimildir lögreglu til að vísa gerendum af heimilum og leggja á þá tafarlaust nálgunarbann. Hugmyndin er þá sú að meintur gerandi geti sjálfur áfrýjað banninu til héraðsdóms í kjölfarið. Einn viðmælenda vakti athygli á því að í íslenskum lögum er takmarkað fjallað um réttarstöðu meintra geranda og því væri mikilvægt að fjalla sömuleiðis um þau mál til að tryggja að ekki sé brotið á réttindum þeirra.

¹⁶ Samkvæmt ársskýrslu Barnaverndarstofu 2008-2009 var þessu ákvæði aðeins beitt einu sinni á öllu landinu árið 2007 og þrisvar árið 2008.

4.6 Niðurstöður ráðgjafahópa Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Í ráðgjafahópunum voru 12 nemendur í 8. bekk grunnskóla í Reykjavík. Þeim var skipt í tvo hópa og voru sex stúlkur í öðrum þeirra og sex drengir í hinum. Unglingarnir voru áhugasamir um málefnið og höfðu margt til málanna að leggja. Þeir voru sammála um að þeir myndu vilja fá fræðslu um heimilisofbeldi í skólanum, m.a. um hvað börn sem búa við slíkar aðstæður geti gert, t.d. hvert þau geti leitað eftir aðstoð eða ráðgjöf. Unglingarnir áttu flestir auðvelt með að skilgreina hvað fælist í hugtaki *heimilisofbeldi* en nokkur munur var þó á milli kynjanna á því hve ýtarlegar skilgreiningarnar voru. Drengirnir lögðu mikla áherslu á líkamlegt ofbeldi í skilgreiningum sínum en nefndu ekki andlegt ofbeldi. Hinn almenni skilningur unglínganna var að hugtakið feli ekki aðeins í sér ofbeldi milli fullorðinna, líkt og sumar skilgreiningar á *heimilisofbeldi* gera ráð fyrir, heldur næði það einnig utan um ofbeldi gegn börnum.

Stúlkurnar komust að þeirri niðurstöðu að það væru ekki alltaf karlar sem beittu konur ofbeldi heldur geti konur einnig beitt karla ofbeldi. Flestum stúlkunum fannst síðan ólíklegt að foreldrnir gætu falið ofbeldið fyrir börnunum, nema ef um mjög ung börn væri að ræða.

Þau gætu líka verið alin upp í því [að sé ofbeldi á heimilinu] og finnst þetta bara venjulegt (13 ára stúlka).

Drengirnir komast að sömu niðurstöðu, þ.e. að ekki sé hægt að fela ofbeldi af þessum toga fyrir börnum á heimilinu. Sumir bentu á að börnin myndu alltaf vakna við hávaðann í foreldrum, eða heyra í þeim, hvort heldur væri seint um kvöld eða að næturlagi.

Það var ótvíræð niðurstaða beggja hópanna að um persónuleg mál væri að ræða og að þau myndu ekki vilja að aðrir vissu af því. Það væri of vandræðalegt.

Manni myndi örugglega ekkert líða vel að allir myndu vita það (13 ára drengur).

Já, maður myndi halda að maður hefði gert eitthvað rangt. Ef maður er yngri, þá þorir maður ekki að segja neinum og þá er maður aðeins lengi að halda þessu bara fyrir sig ... en svo á endanum vill maður segja það ... en maður yrði hræddur (13 ára stúlka).

Unglingarnir voru spurðir að því hvað væri það versta sem gæti gerst ef þau myndu segja einhverjum frá ofbeldinu á heimilinu. Flestir höfðu áhyggjur af því að gerandinn myndi fréttast af því að þau hefðu sagt frá og að foreldrar þeirra yrðu reiðir.

Þau voru öll á einu máli um að þau myndu frekar vilja ræða við einhvern ókunnugan um ofbeldið heldur en við vini sína.

...ég væri hrædd um að hann [vinur minn] myndi líta öðruvísi á mig (13 ára stúlka).

Ég yrði svo hrædd við alla óvissuna því ég myndi ekki vita hvernig aðrir myndu bregðast við þessu ... hrædd um að fólk myndi líta á mig öðruvísi, eða segja öllum (13 ára stúlka).

Nokkur munur var á milli kynjanna þegar spurt var hvert þau myndu leita eftir aðstoð ef þau byggju á heimili þar sem annað foreldrið væri beitt ofbeldi. Flestar stúlkurnar nefndu námsráðgjafa, ekki síst vegna þess að hann væri ókunnugur aðili og væri ólíklegur til að segja einhverjum sem þau þekktu frá ofbeldinu. Sumar nefndu ættingja eða kennara. Drengirnir áttu hins vegar erfiðara með að svara spurningunni og nefndu t.a.m. engan aðila innan veggja skólans. Þeir voru flestir á því að myndu hringja í lögregluna. Drengirnir virtust hafa meiri trú á lögreglunni en barnavernd í þessum málum en sumir þeirra höfðu áhyggjur af því að barnavernd myndi fjarlægja þá af heimilinu.



...þá myndi ég frekar vilja láta taka mömmu mína af heimilinu...eða vera eftir heima hjá henni, fremur en að vera tekinn af heimilinu (13 ára drengur).

Nokkrir drengjanna gáfu upp ástæðu fyrir því af hverju þeir myndu ekki vilja vera fjarlægðir af heimilinu.

... þá myndi ég alltaf vera að hugsa „hann er kannski að lemja mömmu mína núna“ (13 ára drengur).

Stúlkurnar virtust ekki hafa áhyggjur af því að barnavernd myndi fjarlægja þær af heimilinu. Þær voru jákvæðar í hennar garð og töldu að barnavernd myndi aðstoða börnin við að fá einhvern stuðning, svo sem að komast til sálfræðings. Þær höfðu ekki eins mikla trú á lögreglunni í þessum málum.

Hún [lögreglan] gerir ekkert við andlegu ofbeldi, það eru engin lög sem banna það (13 ára stúlka).

Heimildir

- Anni G. Haugen (2009). Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Anni G. Haugen (2010). Rannsókn um viðbrögð fagfólks við kynbundnu ofbeldi. Sótt þann 25. september 2010 af http://www.felagsradgjof.is/images/stories/timarit/timarit_felagsradgjafa_140910-vefutg.pdf
- Barnaverndarstofa (2009). Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2008-2009. Sótt 28. júní 2010 af <http://www.bvs.is/files/file874.pdf>
- Dawnovise, N. F. og Chanmugam, A. (2007). A critical review of quantitative analyses of children exposed to domestic violence: Lessons for practice and research. *Brief Treatment and Crisis Intervention* 7, 322- 344.
- Emilia, A., Garattoni, B. C. og Venturini, B. (2000). The understanding of sadness, guilt and shame in 5-, 7-, and 9-year old children. *Social and General Psychology Monographs*, 126, 293-319.
- Edelson, J.L. (1999). The overlap between child maltreatment and women battering. *Violence Against Women*, 5(2), 134-154.
- Evans, S. E., Davies, C. og Dilillo, D. (2008). *Agression and Violent Behavior*, 13, 131-140.
- Evrópuráðið (2010). Children who witness domestic violence. Sótt þann 20. janúar 2011 af <http://www.assembly.coe.int/Documents/WorkingDocs/Doc10/EDOC12111.pdf>
- Fergusson, D. M. og Horwood, L. J. (1998). Exposure to interparental violence in childhood and psychosocial adjustment in young adulthood. *Child Abuse and Neglect*, 22, 339-357.
- Freydís J. Freysteinsdóttir (2006). Barnaverndartilkynningar er varða ofbeldi milli foreldra. Í Rannsóknir í félagsvísindum VII (bls. 189-200). Reykjavík: Félagsvísindadeild.
- Grych, J. H. og Fincham, F. D. (1990). Marital conflict and children's adjustment: A cognitive-contextual framework. *Psychological Bulletin*, 108, 267-290.
- Grych, J.H., Fincham, F.D., Jouriles, E.N og McDonald, R. (2000). Patterns of adjustment among children of battered women. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 68, 84-94.
- Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir (2010). Heimilisofbeldi. Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu. Reykjavík: Ríkislögreglustjórnin og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
- Guðrún Kristinsdóttir (ritstj), Ingibjörg H. Harðardóttir, Steinunn Gestsdóttir og Margrét Ólafsdóttir. (2007). Það er ljótt að meiða. Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum. Helstu niðurstöður könnunar. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Steinunn Gestsdóttir og Margrét Ólafsdóttir (2010). Þekking barna á ofbeldi á heimilum. Óbirt efni.



- Guðrún H. Sederholm (2009). Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Viðbrögð skólustjóra 10 grunnskóla. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Gurwitch, R. H., Sullivan, M. A. og Long, P. J. (1998). The impact of trauma and disaster in young children. *Child and Adolescent Psychiatric Clinics of North America*, 7, 19-32.
- Harold, G. T. og Howarth, E. L. (2004). How marital conflict and violence affects children: Theory, research and future directions. Í Calder, M. C., Harold, G. T. og Howarth, E. L. (ritstj), *Children living with domestic violence: Towards a framework for assessment and intervention* (bls. 56-73). Lyme Regis: Russell House Publishing.
- Hoffman, M. L. (1982). Development of prosocial motivation: Empathy and guilt. Í Eisenberg, N. (ritstj), *The development of prosocial behavior*. New York: Academic Press.
- Holt, S., Buckley, H. og Whelan, S. (2008). The impact of exposure to domestic violence on children and young people: A review of the literature. *Child Abuse and Neglect*, 32, 797-810.
- Ingólfur V. Gíslason (2010). Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Ingólfur V. Gíslason (2008). Ofbeldi í nánnum samböndum: orsakir, afleiðingar, úrræði. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Jaffe, P., Wolfe, D. og Wilson, S. (1990). *Children of battered women*. Newbury Park, CA: Sage publications.
- Kelly L. (1994). The interconnectedness of domestic violence and child abuse: challenges for research, policy and practice, in A. Mullender and R. Morley (ritstj), *Children Living with Domestic Violence: Putting Men's Abuse of Women on the Child Care Agenda*. London: Whiting and Birch.
- Kitzman, K. M., Gaylord, N. K., Holt, A. R. og Kenny, E. D. (2003). Child witnesses to domestic violence: a meta-analytic review. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 71, 339-352.
- Margolin, G. og Vickerman, K. A. (2007). Post-traumatic Stress in Children and Adolescents Exposed to Family Violence: I. Overview and Issues. *Professional Psychology: Research and Practice*, 38(6), 613-619.
- McGee, C. (2000). Childhood experiences of domestic violence. Philadelphia, PA: Jessica Kingsley. *Clinical Child and Family Review*, 6(3), 171-187.
- Mullender, A., Hague, G., Imam, U., Kelly, L., Malos, E. og Regan, L. (2002). *Children's Perspective on Domestic Violence*. Sage Publications.
- Pauschardt, J., Remschmidt, H. og Mattejat, F. (2010). Assessing child and adolescent anxiety in psychiatric samples with the Child Behavior Checklist. *Journal of Anxiety Disorders*, 461-467.
- Pinheiro, P. S. (2006). *World Report on Violence against Children, United Nations Secretary-General's Study on Violence against Children*. Geneva: United Nations.

- Ríkislögreglustjórnin (2005). Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Sótt þann 10. Júlí 2010 af http://www.logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi_Verklagsreglur.pdf
- Rossmann, B. B. R. og Ho, J. (2000). Posttraumatic response and children exposed to parental violence. *Journal of Aggression, Maltreatment and Trauma*, 3, 85-106.
- Roustit, C., Renahy, E., Guernec, G., Lesieur, S., Parizot, I. og Chauvin, P. (2009). Exposure to interparental violence and psychosocial maladjustment in the adult life course: advocacy for early prevention.
- Samtök um Kvennaathvarf (2009). Ársskýrsla Samtaka um Kvennaathvarf 2009. Sótt þann 5. júní 2010 af <http://www.kvennaathvarf.is/media/arsskyrslur/arsskyrsla+2009.pdf>
- Stanley, N., Miller, P., Foster, H. R. og Thomson, G. (2010). Children and families experiencing domestic violence: Police and children's social service's responses. Sótt þann 3. september 2010 af http://www.nspcc.org.uk/Inform/research/Findings/children_experiencing_domestic_violence_report_wdf70355.pdf
- UNICEF (2007). Þórhildur Líndal (ritstj), Barnasáttmálinn – Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi. Reykjavík: UNICEF á Íslandi.
- Weinstein, D., Staffelbach, D. og Biaggio, M (2000) Attention-deficit hyperactivity disorder and posttraumatic stress disorder: differential diagnosis in childhood sexual abuse. *Clinical Psychology Review*, 20(3), 359-378





Barnaheill

Save the Children Iceland



Verkefnið er styrkt af Daphne III áætlun Evrópusambandsins